

Samfélagsgreining á Suðurnesjum: Lífsgæði, líðan og virkni íbúa





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Starfshóp um samfélagsgreiningar á Suðurnesjum
Markmið rannsóknar	Að rannsaka lífsgæði, viðhorf og líðan íbúa á Suðurnesjum
Dagsetning skýrsluskila	8. október 2021

Ábyrgðaraðilar

Útgefandi	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Skýrsluhöfundar	Ásdís A. Arnalds, Ari Klængur Jónsson, Guðný Gústafsdóttir og Ævar Þórólfsson

Vinsamlegast vísið í skýrsluna á eftirfarandi hátt:
Ásdís A. Arnalds, Ari Klængur Jónsson, Guðný Gústafsdóttir og Ævar Þórólfsson. (2021).
Samfélagsgreining á Suðurnesjum: Lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa. Reykjavík:
Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

EFNISYFIRLIT

Töfluyfirlit.....	5
Myndayfirlit	5
Samantekt á helstu niðurstöðum.....	8
<i>Viðhorf til búsetu og þjónustu á Suðurnesjum</i>	<i>8</i>
<i>Félagsleg virkni íbúa.....</i>	<i>8</i>
<i>Heilsa og líðan.....</i>	<i>9</i>
<i>Félagsleg þátttaka og líðan barna.....</i>	<i>9</i>
<i>Viðhorf til innflytjenda og fjölmenningsfélagsins</i>	<i>10</i>
<i>Menntun og atvinnulíf.....</i>	<i>10</i>
Inngangur.....	11
Fyrri mælingar á íbúasamsetningu, líðan og viðhorfum.....	11
Íbúasamsetning	11
Heilsa og líðan íbúa.....	13
Félagslegar framfarir	16
Viðhorf íbúa til sveitarfélagsins og þjónustu	16
Viðhorf foreldra til náms og skóla	18
Hagir og líðan grunnskólanema.....	20
Gögn og aðferðir	21
Úrtak og svörun könnunar	21
Úrvinnsla	23
Niðurstöður úr spurningakönnun	25
Bakgrunnur þátttakenda	25
Viðhorf til búsetu á Suðurnesjum.....	27
Félagsleg þátttaka	29
<i>Kosningaþátttaka</i>	<i>29</i>
<i>Menningssókn</i>	<i>31</i>
<i>Þátttaka í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi</i>	<i>36</i>
Félagsleg virkni og líðan barna og ungmenna.....	39
Heilsa og líðan fullorðinna	42
Eru tengsl á milli virkni og vellíðunar íbúa á Suðurnesjum?	44
Þjóffélagsstaða.....	46
Þjóðerni og upplifun innflytjenda af fordómum.....	47



Viðhorf til innflytjenda	50
Niðurstöður úr rýnihópaumræðum.....	53
Umhverfið	53
Atvinnulíf á Suðurnesjum.....	54
<i>Herinn</i>	55
<i>Frá hernum til Covid</i>	55
<i>Atvinnuleysi</i>	56
<i>Atvinnuuppbygging</i>	57
<i>Nýsköpun</i>	57
Þjónusta við íbúa	58
<i>Verslun og þjónusta</i>	58
<i>Heilbrigðisþjónusta</i>	59
<i>Þjónusta við börn og barnafjölskyldur</i>	59
<i>Þjónusta við eldri borgara</i>	61
Menntun	61
Ímynd.....	62
Fjölmeningarsamfélagið	63
<i>Íslenskukennsla og -kunnátta</i>	64
<i>Samtal milli íbúa af íslenskum og erlendum uppruna</i>	64
<i>Upplýsingagjöf</i>	65
<i>Fordómar</i>	66
Niðurlag / Hagnýtar ábendingar	67
<i>Viðhorf íbúa til svæðisins og nærþjónustu</i>	67
<i>Viðhorf til innflytjenda og fjölmeningarsamfélagsins</i>	68
<i>Félagsleg virkni og velliðan</i>	68
Heimildir	69

TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Hlutföll hópa.....	12
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun.....	22
Tafla 3. Samanburður á hlutfalli svarenda og hlutfalli í úrtaki.....	22
Tafla 4. Kyn, aldur, sveitarfélag og ríkisfang þátttakenda samkvæmt þjóðskrá	25
Tafla 5. Lengd búsetu, hæsta stig menntunar, staða á vinnumarkaði, starfsstétt, börn á heimili, hjúskaparstaða og heimilistekjur.....	26
Tafla 6. Hvað ertu ánægðust/ánægðastur með í tengslum við að búa í sveitarfélaginu?.....	28
Tafla 7. Hvað ertu óánægðust/óánægðastur með í tengslum við að búa í sveitarfélaginu?	28
Tafla 8. Línuleg aðhvarfsgreining á líðan íbúa Suðurnesja	45

MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Samsetning mannfjöldans	12
Mynd 2. Uppruni íbúa	13
Mynd 3. Lifnaðarhættir og líðan fullorðinna	14
Mynd 4. Heilsa og sjúkdómar meðal fullorðinna	14
Mynd 5. Heilsa eldri borgara.....	15
Mynd 6. Hreyfing eldri borgara	15
Mynd 7. Ánægja með þjónustu sveitarfélagsins	17
Mynd 8. Viðhorf foreldra til náms og skóla.....	19
Mynd 9. Hagir og líðan nemenda	20
Mynd 10. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að búa á Suðurnesjum og í sveitarfélaginu?	27
Mynd 11. Hlutfall ánægðra með búsetu í sveitarfélaginu, greint eftir kyni, aldri, ríkisfangi og búsetu.....	27
Mynd 12. Hvar gerir þú eftirfarandi: Kaupir mat og aðra nauðsynjavöru og sækir heilbrigðisþjónustu	29
Mynd 13. Kaust þú í síðustu alþingiskosningum, árið 2017? – Samanburður við svör úr ISSP	30
Mynd 14. Kaust þú í síðustu alþingiskosningum, árið 2017, í sveitarstjórnarkosningum árið 2018 og í forsetakosningum árið 2020?	30
Mynd 15. Hvers vegna kaust þú ekki í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2018?	31
Mynd 16. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á söfn eða listasýningar? – Samanburður við svör úr ISSP	31

Mynd 17. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú í leikhús eða á leiksýningu? – Samanburður við svör úr ISSP	32
Mynd 18. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á klassíska tónleika (t.d. símfóníu eða óperu)? – Samanburður við svör úr ISSP	32
Mynd 19. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á annars konar tónleika (t.d. popp-, rokk-, rapp- eða raftónlist)? – Samanburður við svör úr ISSP.....	33
Mynd 20. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú í kvikmyndahús og á bókasafn?	33
Mynd 21. Sóttir þú þessa viðburði aðallega í þínu sveitarfélagi, annars staðar á Suðurnesjum eða annars staðar á landinu?.....	34
Mynd 22. Menningarsókn, greind eftir bakgrunni þátttakenda.....	35
Mynd 23. Sóttir þú viðburð sem haldinn var í tengslum við bæjarhátíð á Suðurnesjum síðast þegar hún var haldin?.....	35
Mynd 24. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft, ef einhvern tíma, gerðir þú eftirfarandi?	36
Mynd 25. Þátttaka í íþrótt-, félags- og/eða tómstundastarfi, greind eftir bakgrunni þátttakenda.....	37
Mynd 26. Hefur þú heyrt um vefinn frístundir.is. Hlutfall sem segir hefur heyrt um vefinn, greint eftir bakgrunni þátttakenda.....	38
Mynd 27. Hversu oft hittir þú vini og vinnufélaga þér til ánægju?	38
Mynd 28. Hversu mörg börn, undir 18 ára, búa á heimilinu?.....	39
Mynd 29. Þegar á heildina er litið, hvernig myndir þú lýsa líðan barnsins þíns?... ..	39
Mynd 30. Líðan fyrsta (eða eina) barns, greind eftir aldri barnsins.....	40
Mynd 31. Hversu oft í síðasta mánuði gerðir þú eftirfarandi með barni/börnum þínu/m?	40
Mynd 32. Hvar færðu upplýsingar um hvers konar frístundastarf er í boði fyrir barn þitt/börn þín?.....	41
Mynd 33. Hefur þú á síðustu 12 mánuðum nýtt frístundastyrk eða hvatastyrk sem er í boði til að greiða niður frístundastarf barna?	41
Mynd 34. Hvers vegna hefur þú ekki nýtt frístunda- eða hvatastyrk?	42
Mynd 35. Ef þú hugsar um hefðbundinn mánuð áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fannst þér þig vanta félagsskap?.....	43
Mynd 36. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera þar sem 1 stendur fyrir mjög óhamingjusama(n) og 10 stendur fyrir mjög hamingjusama(n)?	43
Mynd 37. Hvernig er heilsufar þitt, svona almennt séð?.....	44
Mynd 38. Hversu oft á síðustu tveimur vikum hefur þér liðið svona?	44



Mynd 39. Í okkar þjóðfélagi eru hópar sem eiga það til að vera efst í þjóðfélagsstiganum á meðan aðrir eiga það til að vera á botninum. Hér er kvarði sem nær frá toppinum til botnsins. Hvar myndir þú staðsetja sjálf(n) þig á þessum kvarða?	46
Mynd 40. Ef þú hugsar um heildartekjur heimilisins, að meðtöldum öllum tekjum allra þeirra sem leggja til þess, hversu auðvelt eða erfitt er fyrir heimili þitt að ná endum saman?.....	47
Mynd 41. Hvaða þjóðernishópi finnst þér þú tilheyra? Vinsamlega veldu einn eða tvo valmöguleika	47
Mynd 42. Hvaða tungumál er talað á heimilinu?.....	48
Mynd 43. Hversu oft hefur þú upplifað fordóma, verið neitað um að gera eitthvað, orðið fyrir áreiti eða verið gert lítið úr þér í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum vegna uppruna þíns?.....	49
Mynd 44. Hefur þú sótt námskeið í íslensku fyrir þá sem hafa ekki íslensku að móðurmáli?	49
Mynd 45. Hvers vegna hefur þú ekki farið á íslenskunámskeið?.....	50
Mynd 46. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Það hafa komið of margir innflytjendur til Íslands á síðustu árum?	51
Mynd 47. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Innflytjendur ógna íslensku samfélagi	51
Mynd 48. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Almennt séð hafa innflytjendur haft góð áhrif á nærsamfélagið og menningarlíf á svæðinu hefur styrkst með auknum fjölda innflytjenda.....	52
Mynd 49. Viðhorf til innflytjenda, greind eftir bakgrunni þátttakenda	52

SAMANTEKT Á HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Viðhorf til búsetu og þjónustu á Suðurnesjum

- Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir íbúa Suðurnesja og rýnihópa meðal íbúa sýndu að þátttakendur lýstu mikilli ánægju með að búa á Suðurnesjum.
- Í rýnihópunum var rætt var um góðan anda í sveitarfélögum, fallett umhverfi og góða skóla fyrir börn og unglinga. Viðmælendum bar saman um að börn þeirra hefðu verið afar ánægð með skólagöngu sína. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður fyrri kannana sem Gallup (2019a, 2019b) og Skólavogin (2021) hafa gert. Niðurstöður þessara kannana sýna að fólk á Suðurnesjum er almennt ánægt með þjónustu grunnskóla og sér í lagi samráð milli heimilis og skóla.
- Göngustígar hafa mikið verið bættir á Suðurnesjum og lýstu þátttakendur rýnihópa ánægju sinni með þær úrbætur. Þó var kallað eftir frekari uppbyggingu göngustíga auk fleiri og stærri útivistarsvæða sem byðu upp á fjölþætta afþreyingu fyrir alla íbúa. Sem dæmi var sett fram hugmynd um „fjölskyldugarða“ sem „bæjarvinnan getur unnið við að setja upp á sumrin“ og nýta mætti sem afþreyingarsvæði fyrir alla fjölskylduna. Þá var kallað eftir „götugrillum“ í bæjum og hverfum sveitarfélaganna og jafnvel afþreyingu þeim tengdum svo sem lifandi tónlist.
- Niðurstöður könnunarinnar sýndu að töluvert var um að fólk sækti heilbrigðisþjónustu utan Suðurnesja. Vera má að óánægja með heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum eigi þátt í því að fólk sækir þessa þjónustu annað, enda var í rýnihópunum mikið rætt um að efla þyrfti heilbrigðisþjónustu og var HSS títt nefnd í því sambandi.
- Önnur þjónusta og verslun var af mörgum þátttakendum rýnihópa talin fábrotin og einhliða. Þannig var nefnt sem dæmi að Reykjanesbær ætti líklegast „heimsmet í skyndibitastöðum“ og „klippistofum“ á meðan aðra þjónustu og vörur, s.s. læknaþjónustu, tannlæknaþjónustu, byggingavörur, fatnað o.fl., þyrfti að nálgast til Reykjavíkur.
- Þjónusta við eldri borgara er að sögn þátttakenda í rýnihópunum góð og úrval afþreyingar nokkuð fjölbreytt, en bent var á að jafna þyrfti aðgengi í sveitarfélögum og auglýsa starfsemina enn frekar, sérstaklega fyrir aðflutta eldri borgara.

Félagsleg virkni íbúa

- Í könnuninni var spurt um félagslega þátttöku og menningarsókn og voru svör borin saman við svör landsmanna í alþjóðlegu viðhorfakönnuninni ISSP frá árinu 2020.

Samanburðurinn leiddi í ljós að íbúar á Suðurnesjum sóttu sjaldnar söfn, listasýningar, leiksýningar og leikhús en svarendur af landinu í heild.

- Einungis 15% þátttakenda af Suðurnesjum höfðu einhvern tíma sótt klassíska tónleika á 12 mánaða tímabili áður en Covid-19 faraldurinn hófst. Hlutfallið var mun hærra meðal þátttakenda af landinu í heild. Minni munur var á svörum íbúa af Suðurnesjum og íbúa af landinu í heild þegar spurt var um annars konar tónleika en íbúar á Suðurnesjum voru þó ólíklegri en íbúar á landinu öllu til að hafa sótt þess háttar tónleika.
- Nokkur munur var á félagslegri virkni eftir bakgrunni þátttakenda í könnuninni. Konur voru almennt virkari, félagslega, en karlar og íslenskir ríkisborgarar voru jafnframt virkari í menningarsókn og þátttöku í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi en erlendir ríkisborgarar.
- Könnuð voru tengsl milli félagslegrar virkni og vellíðunar með aðhvarfsgreiningu. Í ljós kom að tengsl voru milli líðan íbúa og þátttöku í félags- og menningarstarfi þegar stýrt hafði verið fyrir tekjum, kyni, menntun, uppruna og aldri. Því meira sem íbúar tóku þátt í félagsstarfi og því oftar sem þeir sóttu menningarviðburði, því betri var líðan þeirra.

Heilsa og líðan

- Samanburður á svörum úr könnuninni og svörum úr alþjóðlegu viðhorfakönnuninni ISSP sýnir að hlutfallslega fleiri íbúum á Suðurnesjum fannst sig vanta félagsskap en íbúum á landinu öllu. Þegar spurt var um heilsufar reyndist vera lítill, en þó marktækur munur á svörum íbúa Suðurnesja og landsins alls. Þannig töldu rúmlega tveir af hverjum þremur þátttakendum á Suðurnesjum heilsufar sitt frekar eða mjög gott, samanborið við 70% íbúa á landinu öllu.
- Lýðheilsuvísar (2020) benda til þess að lífnaðarhættir fullorðinna á Suðurnesjum séu að sumu leyti lakari en íbúa á landinu öllu og geti verið áhættuþáttur hvað varðar heilsu.
- Greining á gögnum úr könnun um hagi og líðan aldraðra sýndi að lítill munur var á heilsu og líðan eldri borgara á Suðurnesjum og á landinu í heild (Helgi Guðmundsson, 2021).

Félagsleg þátttaka og líðan barna

- Í ljós kom að börnum þátttakenda í könnuninni leið almennt vel. Niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar (2020) meðal barna í efri bekkjum grunnskóla sýndu þó að ungt fólk á Suðurnesjum var ólíklegra en jafnaldrar þess á landinu til að líða vel í skólanum.

- Niðurstöður úr landskönnun Rannsókna og greiningar (2020) sýndu að minna er um þátttöku í skipulögðu félagsstarfi meðal nemenda á Suðurnesjum en nemenda á landinu í heild. Í rýnihópunum var þó rætt um að íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og unglunga væri öflugt en á sama tíma var bent á fremur einhæft framboð. Áherslan væri á fótbolta og körfubolta en bæta mætti framboð tómstunda. Hugmynd um „fjölnota íþróttahús“ kom fram, sem nýta mætti undir starfsemi fyrir börn, ungmenni og fullorðna allt árið um kring. Þar mætti bjóða upp á hefðbundnar boltaíþróttir en einnig klifur, golf og aðrar íþróttir en einnig væri hægt að nýta rýmið fyrir sýningar, uppákomur o.fl.

Viðhorf til innflytjenda og fjölmeningarsamfélagsins

- Samanburður á svörum úr könnuninni meðal íbúa Suðurnesja og svörum úr alþjóðlegu viðhorfakönnuninni ISSP sýndu að íbúar á Suðurnesjum voru líklegri til að telja of marga innflytjendur hafa komið til landsins á undangengnum árum en íbúar á landinu í heild. Þá voru hlutfallslega fleiri Suðurnesjabúa sammála fullyrðingunni um að innflytjendur ógni íslensku samfélagi en landsmenn í heild.
- Greining á niðurstöðum könnunarinnar leiddi í ljós að fólk hafði jákvæðari viðhorf til innflytjenda ef það þekkti fyrstu eða annarrar kynslóðar innflytjendur. Í rýnihópunum bentu pólskir viðmælendur á að það skorti samtál milli innflytjenda og innfæddra. Af þessu má ráða að með því að koma á auknum tengslum milli íbúa, þvert á uppruna, kynni fjöldi þeirra sem hafa jákvæð viðhorf til innflytjenda að aukast.

Menntun og atvinnulíf

- Atvinnumarkaðurinn á Suðurnesjum var til umræðu í rýnihópunum. Hann var sagður einhæfur og fram komu hugmyndir um að byggja atvinnu upp með „stóriðju“ og „fiskeldi“ en einnig var mikil áhersla lögð á nýsköpun. Þannig var til dæmis lagt til að stofna „nýsköpunarbraut“ í framhaldsskólum (FS og Keili) með það sem markmið að tryggja beint flæði nýrra starfa á vinnumarkað Suðurnesja.
- Menntunarmöguleikar þóttu góðir á svæðinu og hið sama átti við um möguleika fólks sem ekki hafði íslensku að móðurmáli, til að leggja stund á nám í íslensku.


INNGANGUR

Samfélagsgreining á Suðurnesjum á sér stoð í aðgerðaáætlun ríkisins, sem kom út í maí 2020, um að efla þjónustu á Suðurnesjum. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skipaði starfshóp um verkefnið sem í sitja fulltrúar allra fjögurra sveitarfélaganna sem og fulltrúi Sambandsins og var Reykjanesbæ falið að leiða hópinn. Að beiðni starfshópsins rannsakaði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands lífsgæði, líðan og viðhorf íbúa á Suðurnesjum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að afla þekkingar á því á hvaða sviðum þurfi að efla aðgerðir eða breyta áherslum og hvernig unnt sé að bæta þjónustu til að stuðla að auknum lífsgæðum íbúa Suðurnesja. Þetta var gert með því að kanna viðhorf íbúa til svæðisins, til þjónustu á sæðinu, innflytjenda og fjölmeningarsamfélagsins, kanna félagslega virkni íbúa og greina hvort tengsl væru á milli virkni og líðan íbúa.

FYRRI MÆLINGAR Á ÍBÚASAMSETNINGU, LÍÐAN OG VIÐHORFUM

Íbúasamsetning

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2021) voru íbúar á Suðurnesjum 7,6% af heildarmannfjölda á Íslandi árið 2021. Samsetning mannfjöldans á Suðurnesjum er nokkuð frábrugðin landinu í heild. Samanborið við Ísland eru hlutfallslega fleiri íbúar á vinnualdri á Suðurnesjum, og þá sérstaklega á aldrinum 25-45 ára, sem gerir það að verkum að framfærsluhlutfallið á Suðurnesjum (hlutfall fólks á aldrinum 0-19 ára og 65 ára og eldri, samanborið við fólk á aldrinum 20-64 ára) er lægra en meðal framfærsluhlutfall á landinu öllu (mynd 1).



Heimild: Hagstofa Íslands (2021). Útreikningar höfunda

Mynd 1. Samsetning mannfjöldans

Öldrun mannfjöldans hefur því haft, og mun hafa til skamms tíma a.m.k., minni áhrif á Suðurnesjum en í öðrum landshlutum. Framfærsluhlutfall eldri hópsins er 17 af hundraði á Suðurnesjum en 24 af hundraði á landinu öllu, samhliða því að framfærsluhlutfall yngri hópsins er það sama – 41 af hundraði (tafla 1).


Tafla 1. Hlutföll hópa

	Ísland	Suðurnes
Framfærsluhlutfall 0-19	41	41
Framfærsluhlutfall 65+	24	17
Framfærsluhlutfall alls	65	58
Kynjahlutfall alls	105	115
Kynjahlutfall innflytjendur	124	139
Hlutfall á Suðurnesjum af mannfjölda alls	x	7,6%
Hlutfall á Suðurnesjum af innflytjendum alls	x	12,7%

Heimild: Hagstofa Íslands (2021). Útreikningar höfunda

Að stærstum hluta skýrist lægra hlutfall aldraðra af mannfjöldanum á Suðurnesjum af fjölda innflytjenda á svæðinu. Á Suðurnesjum teljast 28 af hundraði til innflytjenda, samanborið við

17% af heildarmannfjölda á Íslandi. Þá eru tæplega 13% allra innflytjenda á Íslandi búsettir í landshlutanum, samanborið við tæplega 8% af heildarmannfjölda landsins (mynd 2).




Heimild: Hagstofa Íslands (2021). Útreikningar höfunda

Mynd 2. Uppruni íbúa

Fjöldi innflytjenda hefur einnig haft áhrif á kynjahlutföll á svæðinu en fjöldi karla á hverjar 100 konur á Suðurnesjum er 115, samanborið við 105 á landinu öllu. Þegar sjónum er beint að innflytjendum sérstaklega er sambærilegt hlutfall 139 karlar á hverjar 100 konur (samanborið við 124 karla á hverjar 100 konur af erlendum uppruna á Íslandi) (tafla 1).


Heilsa og líðan íbúa

Lýðheilsuvísar (2020) gefa mynd af heilsu og líðan íbúa á Suðurnesjum í samanburði við landsmeðaltal. Þeir leiddu í ljós að á nokkrum sviðum voru tölur fyrir Suðurnes frábrugðnar tölum fyrir landið í heild. Til að mynda var notkun þunglyndislyfja almennt minni á Suðurnesjum en á landinu í heild og COVID-19 greiningar voru undir landsmeðaltali. Á hinn bóginn var að jafnaði meira um það meðal íbúa Suðurnesja en meðal landsmanna að sofa of stutt og að stunda enga rösklega hreyfingu. Þá var gosdrykkjaneysla og tóbaksneysla algengari meðal íbúa Suðurnesja en landsmanna í heild (myndir 3 og 4).



Heimild: Lýðheilsuvísar (2020)


Mynd 3. Lifnaðarhættir og líðan fullorðinna



Heimild: Lýðheilsuvísar (2020)

Mynd 4. Heilsa og sjúkdómar meðal fullorðinna


Árið 2020 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun fyrir félagsmálaráðuneytið á högum og líðan eldri borgara (Helgi Guðmundsson, 2021). Afar fá svör bárust frá Suðurnesjum (n=57) en þó gefa niðurstöður vísbendingar um heilsa eldri borgara á Suðurnesjum sé svipuð og meðal eldri borgara á landinu í heild (mynd 5).



Heimild: Eigin útreikningar á gögnum um hagi eldri borgara (Helgi Guðmundsson, 2021)

Mynd 5. Heilsa eldri borgara

Könnunin sýndi einnig að eldri borgarar á Suðurnesjum stunda álíka mikla hreyfingu og eldri borgarar á Íslandi almennt, að því frátöldu að hlutfallslega færri Suðurnesjabúa en landsmanna í heild fara í sund (mynd 6).



Heimild: Eigin útreikningar á gögnum um hagi eldri borgara (Helgi Guðmundsson, 2021)

Mynd 6. Hreyfing eldri borgara

Rannsóknarfyrirtækið Maskína hefur sömuleiðis gert könnun á heilsufari og velferð eldri borgara. Könnunin var unnin að beiðni þjónustuhóps aldraðra í heilsuumdæmi Suðurnesja. Í

I ljós kom að nokkur munur var á heilsu og líðan eftir kyni og eftir því hvar á Suðurnesjum þátttakendur voru búsettir. Konur mátu líkamlega heilsu almennt lélegri en karlar og sömuleiðis mátu eldri borgarar sem búsettir voru í Garði líkamlega og andlega heilsu verr en íbúar hinna sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Konur höfðu enn fremur farið oftár á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á undangengnum 12 mánuðum en karlar og líklegri var að eldri borgarar í Reykjanesbæ (14%) og Sandgerðisbæ (16%) hefðu aldri farið á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis en eldri borgarar sem búsettir voru annars staðar á Suðurnesjum (7-8%). Þá fundu konur oftár fyrir einmanaleika en karlar og var einmanaleiki algengari meðal eldri borgara í Grindavík, Sandgerðisbæ og Garði en í Reykjanesbæ og Vogum (Maskína, 2018).

Félagslegar framfarir


Framfaravog sveitarfélaga veitir upplýsingar um stöðu félagslegra framfara með það að markmiði að draga fram hvar hægt sé að gera betur. Í skýrslu Framfaravogar fyrir Kópavog, Reykjanesbæ og Árborg (Rósbjörg Jónsdóttir, Gunnar Haraldsson og Haraldur J. Hannesson, 2020) er að finna upplýsingar um félagslegar framfarir í Reykjanesbæ, sem er stærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum. Í skýrslunni kemur fram að umtalsverðar framfarir áttu sér stað í Reykjanesbæ milli áráanna 2018 og 2019 á sviði grunnmenntunar, samskipta og persónufrelsis. Framfarir á sviði grunnmenntunar fólust í bættum árangri á samræmdum prófum og aukinni skólasókn á framhaldsskólastigi, sér í lagi meðal ungmenna af erlendum uppruna. Helstu áskoranir Reykjanesbæjar sneru að þáttum sem tengjast heilbrigði, heilsu og líðan.

Viðhorf íbúa til sveitarfélagsins og þjónustu

Árið 2020 var gerð íbúakönnun á vegum atvinnuþróunarfélaga landshluta í þeim tilgangi að kanna viðhorf íbúa um land allt til þjónustu og búsetuskilyrða. Í ljós kom að töluverður munur var á svörum íbúa á Suðurnesjum eftir því hvar þeir voru búsettir. Til að mynda voru íbúar Suðurnesjabæjar og Grindavíkur meðal hamingjusömustu þátttakenda þeirra 24 landsvæða sem borin voru saman en í samanburði við þátttakendur í heild komu íbúar í Reykjanesbæ og Vogum almennt illa út á mælingum á hamingju. Þátttakendur í könnuninni höfðu almennt jákvætt viðhorf til sveitarfélagsins þar sem þeir bjuggu en þó var töluverður munur á svörum eftir sveitarfélögum og voru íbúar Grindavíkur og Suðurnesjabæjar almennt jákvæðari en íbúar Voga og Reykjanesbæjar. Þegar könnuð voru búsetuskilyrði í heimabyggð voru íbúar sveitarfélaganna á Suðurnesjum, og þá sér í lagi íbúar Reykjanesbæjar, almennt jákvæðari en þátttakendur í heild í garð almenningssamgangna, grunnskóla, leikskóla og unglíngastarfs en

neikvæðari í garð afþreyingar, stöðu aldraðra, stöðu fatlaðs fólks og heilsugæslu (Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir, 2020).

Gallup hefur um árabíl gert kannanir meðal íbúa um þjónustu sveitarfélaga og ánægju með sveitarfélagið. Niðurstöður fyrir Reykjanesbæ árið 2019 sýna að íbúar þar voru ívið óánægðari með sveitarfélagið sem stað til að búa á en íbúar sveitarfélaga á landinu í heild. Þegar spurt var um einstaka þjónustubætti munaði almennt litlu á svörum íbúa Reykjanesbæjar og landsins í heild nema á spurningu um gæði umhverfisins í nágrenni við heimilið. Þar var meðaltal fyrir Reykjanesbæ nokkru lægra en landsmeðaltalið sem táknar að íbúar Reykjanesbæjar hafi verið óánægðari með gæði umhverfisins en íbúar á landinu í heild (Gallup, 2019a). Samskonar skýrsla fyrir Suðurnesjabæ sýnir að íbúar þar voru almennt ánægðari með þjónustu grunnskóla, með þjónustu við barnafjölskyldur og þjónustu við fatlað fólk en íbúar á landinu í heild. Þá voru íbúar Suðurnesjabæjar ánægðari með skipulagsmál í sveitarfélaginu en landsmenn í heild. Á hinn bóginn voru þeir óánægðari með hvernig sveitarfélagið sinnir menningarmálum en íbúar sveitarfélaga almennt (Gallup, 2019b).




Heimild: Gallup, 2019a, 2019b

Mynd 7. Ánægja með þjónustu sveitarfélagsins

Árið 2017 lét Bygðastofnun gera könnun á því hvert íbúar Suðurnesja sækja þjónustu. Í ljós kom að þátttakendur sem búsettir voru í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerðisbæ voru ólíklegri til að sækja þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en þátttakendur í Vogum og Grindavíkurbæ (Sigríður Elín Þórðardóttir, 2018).

Viðhorf foreldra til náms og skóla

Skólavogin hefur það að markmiði að mæla viðhorf foreldra grunnskólabarna til náms og kennslu í skólanum, viðhorf til aðstöðu og samstarfs og fá fram mat þeirra á líðan barna sinna. Óskað var eftir sérúrvinnslu þar sem niðurstöður fyrir grunnskóla á Suðurnesjum árið 2021 voru bornar saman við niðurstöður á landinu í heild. Mynd 8 birtir helstu niðurstöður samanburðarins. Þar sést að foreldrar barna á Suðurnesjum töldu börnunum almennt líða verr í skólanum en foreldrum barna á landinu í heild. Þegar spurt var um aðstöðu og þjónustu kom í ljós að foreldrar grunnskólabarna á Suðurnesjum voru ánægðari með aðstöðu í skólanum og máltíðir í mótuneyti en foreldrar almennt. Á hinn bóginn voru grunnskólanemar á Suðurnesjum mun ólíklegri til að vera í tómsundaþjónustu eða á frístundaheimili en grunnskólanemar á landinu öllu. Niðurstöður um foreldrasamstarf sýndu að foreldrar á Suðurnesjum voru líklegri en foreldrar af landinu öllu til að telja sig hafa áhrif þegar teknar eru ákvarðanir í skólum um barnið, til að telja ábendingar sínar teknar til greina, til að taka þátt í gerð námsáætlunar með nemandanum, til að telja mikilvægt að gera námsáætlun með nemanda og til að telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá. Þá sýna niðurstöður að foreldrar á Suðurnesjum vörðu meiri tíma í heimanám með barninu en foreldrar almennt. Þegar spurt var um væntingar til náms í framtíðinni voru foreldrar af Suðurnesjum líklegri til að telja að barnið muni fara í iðnnám en foreldrar af landinu í heild en ólíklegri til að telja að barnið muni leggja stund á háskólanám (Skólavogin, 2021).




Heimild: Skólavogin, 2021

Mynd 8. Viðhorf foreldra til náms og skóla

Hagir og líðan grunnskólanema

Fyrirtækið Rannsóknir og greining hefur um árabíl kannað hagi og líðan grunnskólanema í 8., 9. og 10. bekk. Óskað var eftir sérúrvinnslu á nokkrum spurningum fyrir nemendur á Suðurnesjum. Mynd 9 sýnir niðurstöður úrvinnslunnar. Þar má sjá að ungt fólk á Suðurnesjum var ólíklegra en jafnaldrar þess á landinu til að líða vel í skólanum. Þá var minna um þátttöku í skipulögðu félagsstarfi meðal nemenda á Suðurnesjum en nemenda á landinu í heild.



Heimild: Rannsóknir og greining, 2020.

Mynd 9. Hagir og líðan nemenda

Þegar rýnt er í niðurstöður ofantaldra rannsókna má ráða að lífnaðarhættir fullorðinna á Suðurnesjum séu að sumu leyti lakari en íbúa á landinu öllu og geti verið áhættuþáttur hvað varðar heilsu. Almennt eru íbúar Suðurnesja ánægðir með þjónustu á svæðinu og sér í lagi þjónustu leik- og grunnskóla. Þeir þættir sem foreldrar grunnskólabarna eru hvað ánægðastir með í samanburði við foreldra á landinu öllu snúa að samráði milli heimilis og skóla. Þá benda niðurstöður til að á Suðurnesjum séu hlutfallslega færri börn á frístundaheimili og færri börn sem sækja skipulagt félagsstarf en á landinu í heild.

GÖGN OG AÐFERÐIR

Notast var við bæði eigindlegar og megindlegar aðferðir í rannsókninni. Margprófunarsnið (e. triangulation design) var notað en þá fer megindleg og eigindleg gagnasöfnun fram samtímis eða með stuttu millibili með það að markmiði að fá heildstæð gögn og þannig öðlast skýra sýn á viðfangsefnið (Creswell, 2012). Í upphafi var könnun lögð fyrir íbúa til þess að kanna viðhorf íbúa og félagslega þátttöku. Könnuninni var síðan fylgt eftir með rýnihópum sem höfðu þann tilgang að dýpka niðurstöður spurningakönnunarinnar og fá fram reynslu og upplifun íbúa af þjónustu á svæðinu, hvernig hún geti stuðlað að aukinni virkni íbúa og til hvaða aðgerða er þörf á að grípa.

Niðurstöður eigindlegra rannsókna eru gjarnan lýsandi, ítarlegar og til þess fallnar að dýpka skilning á efninu sem um ræðir og útskýra flókin tengsl. Umræður rýnihópanna veita upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir þátttakendur, hvaða merkingu þeir leggja í rannsóknarefnið og hvernig þeir skilja og skilgreina tiltekna hluti (Aurini, Heath og Howells, 2016). Í rýnihópum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Rannsakandinn hvetur þátttakendur til að ræða sín á milli um það sem skiptir máli fyrir rannsóknina, en gefur þeim jafnframt tækifæri á að tala frjálsglega út eigin sjónarhorni (Kvale, 1996).

Úrtak og svörun könnunar

Tekið var 2.620 manna tilviljunarúrtak úr þjóðskrá meðal fólks, 18 ára og eldra, sem búsett var í Grindavík, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og sveitarfélaginu Vogum. Kynningarbréf á íslensku, ensku og pólsku var sent í pósti til fólks í úrtakinu. Í bréfinu var rannsóknin kynnt auk þess sem hvert bréf hafði að geyma vefslóð sem þátttakendur voru beðnir að nota til að svara spurningakönnuninni á netinu ásamt auðkennisnúmeri til þess að komast inn í könnunina. Tveimur vikum eftir útsendingu bréfa var sent SMS til fólks sem var með símanúmer á skrá, til að minna á könnunina og viku síðar hófu spýrlar á vegum Félagsvísindastofnunar að hringja í fólk sem ekki hafði svarað netkönnuninni. Í þessu símtali var þátttakendum boðið að gefa upp netfang sitt til þess að unnt væri að senda þeim slóð að könnuninni í tölvupósti. Íbúar sem ekki náðist í í síma fengu sent ítrekunarbréf í pósti þar sem þeir voru minntir á slóðina inn á könnunina og auðkennisnúmerið.

Gagnaöflun fór fram dagana 2. júlí til 16. september 2021. Heildarsvarhlutfall var um 21% (sjá töflu 2). Boð um þátttöku í könnuninni barst ekki til 396 einstaklinga sem voru hvorki með rétt skráð lögheimili né með símanúmer á skrá.

Tafla 2. Framkvæmd og heimtur í könnun

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	02.07.21-16.09.21
Fjöldi í úrtaki	2620
Fjöldi svarenda	561
Brottfall	396
Svarhlutfall - brúttó	21%
Svarhlutfall - nettó	25%

Tafla 3 sýnir hlutfallslega skiptingu svarenda eftir kyni, aldri og ríkisfangi ásamt hlutfallslega skiptingu í úrtakinu. Samanburðurinn sýnir að svörun meðal karla var heldur lakari en meðal kvenna. Þá bárust færri svör frá yngstu aldurshópunum en búist hafði verið við miðað við aldursdreifinguna í úrtakinu. Loks voru innan við 10% svarenda með erlent ríkisfang en fjórðungur úrtaksins var með erlent ríkisfang. Svörun var því mun lakari meðal erlendra ríkisborgara en íslenskra. Gögnin voru í framhaldi vigtuð eftir kyni, aldri og ríkisfangi til að leiðrétta fyrir mismunandi svarhlutfall í hópum.

Tafla 3. Samanburður á hlutfalli svarenda og hlutfalli í úrtaki

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í úrtaki	Hlutfall í úrtaki
Kyn**				
Karl	259	46,2%	1.399	53,4%
Kona	302	53,8%	1.221	46,6%
Aldur***				
18-29 ára	80	14,3%	656	25,0%
30-39 ára	84	15,0%	561	21,4%
40-49 ára	107	19,1%	452	17,3%
50-59 ára	117	20,9%	386	14,7%
60-69 ára	109	19,4%	314	12,0%
70 ára og eldri	64	11,4%	251	8,7%
Ríkisfang***				
Íslenskt	513	91,4%	1.849	73,8%
Erlent	48	8,6%	651	26,2%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

Hluti spurningalistans var hannaður af starfsfólki Félagsvísindastofnunar og Hervöru Ölmú Árnadóttur, dósents við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Einnig voru nýttar spurningar úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (ISSP) í þeim tilgangi að geta borið viðhorf og virkni íbúa á Suðurnesjum saman við almennt úrtak landsmanna.

Gagnaöflun með rýnihópum

Valið var í rýnihópa úr hópi þeirra sem svöruðu könnuninni og var það gert með því að spyrja fólk, í lok könnunarinnar, hvort það vildi taka þátt í rýnihópi um málefnið. Umræður fóru fram í sex rýnihópum dagana 19.-30. ágúst 2021. Heildarfjöldi þátttakenda í rýnihópunum var 30 manns. Þátttakendur sem skipuðu rýnihópana höfðu mismunandi bakgrunn og í hópunum var að finna aðflutta Suðurnesjamenn jafnt sem fólk sem hafði búið á Suðurnesjunum allt sitt líf. Viðmælendur voru á ýmsum aldri og menntun þeirra og störf voru fjölbreytt. Einn rýnihópanna samanstóð af eldri íbúum á Suðurnesjum, í annan hóp völdust íbúar sem höfðu búið í fimm ár eða skemur á svæðinu og í þremur hópum var fólk á ólíkum aldri og sem hafði búið mislengi á svæðinu. Loks voru í einum hópi íbúar með pólskt ríkisfang og fóru umræður fram á pólsku. Innsýn og reynsla þátttakenda af búsetu, lífi og starfi í sveitarfélögum Suðurnesja var því víðtæk.

Úrvinnsla

Í köflum um niðurstöður eru töflur sem birta dreifingu svara við spurningum könnunarinnar og hlutföll svarenda á bak við tiltekna svarmöguleika. Einnig er að finna samanburðarmyndir þar sem hlutfallsleg dreifing svarenda er borin saman við dreifingu svara af öllu landinu í Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni (ISSP). Í viðauka eru ítarlegar bakgrunnstöflur þar sem svör þátttakenda eru greind eftir kyni, aldri, ríkisfangi, sveitarfélagi, lengd búsetu á Suðurnesjum, menntun, stöðu á vinnumarkaði, hjúskaparstöðu, hvort barn búi á heimilinu og heimilistekjum. Í töflum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar og af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Í einhverjum tilvikum kann samanlagt prósentuhlutfall að vera 99% eða 101% í stað 100% vegna námundunar. Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa en tengsl virkni og líðan voru greind með línulegri aðhvarfsgreiningu.

Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur milli hópa svarenda eða tengsl séu kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal allra íbúa á Suðurnesjum, 18 ára og eldri. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Reynist marktektarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er táknið \wedge notað. Þegar um tölfræðilega marktækkan mun er að ræða í bakgrunnstöflum í viðauka eru litirnir blár og rauður notaðir til að benda á þá hópa sem

markverður munur er á. Í þeim tilfellum fær hæsta hlutfall innan hópsins bláan lit og það lægsta rauðan lit. Ef munur á hæsta og lægsta hlutfalli er minni en tíu prósentustig þá eru engar tölur litaðar, enda ekki um mikinn mun að ræða þótt hann sé tölfræðilega marktækur.

Umræður rýnihópanna voru hljóðritaðar með leyfi þátttakenda og afritaðar orðrétt. Eigindleg úrvinnsla fólst í því að lesa umræður hvers hóps vandlega yfir og draga þemu eða meginatriði fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð kallast kóðun. Í framhaldi voru kóðanir allra umræðna flokkaðar í meginþemu og undirþemu. Í skrifum upp úr umræðum rýnihópa var nafnleyndar gætt (Creswell, 2012). Meginþemu í úrvinnslu snéru að ímynd svæðisins, umhverfinu, vinnu og vegalengdum, atvinnumálum, þjónustu, menntun og nýsköpun.

NIÐURSTÖÐUR ÚR SPURNINGAKÖNNUN

Í þessum hluta er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar.

Bakgrunnur þátttakenda

Í viðauka er að finna bakgrunnstöflur þar sem svör eru greind eftir kyni, aldri, sveitarfélagi, ríkisfangi, lengd búsetu á Suðurnesjum, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, hvort barn/börn búi á heimilinu eða ekki, hjúskaparstöðu og heimilistekjum. Töflur 4 og 5 birta tíðni yfir þessar bakgrunnsbreytur.

Tafla 4. Kyn, aldur, sveitarfélag og ríkisfang þátttakenda samkvæmt Þjóðskrá


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall eftir vigtun
Kyn		
Karl	305	54,3%
Kona	256	45,7%
Aldur		
18-29 ára	137	24,4%
30-39 ára	123	22,0%
40-49 ára	98	17,4%
50-59 ára	85	15,1%
60-69 ára	67	12,0%
70 ára og eldri	52	9,2%
Sveitarfélag		
Reykjanesbær	391	69,6%
Suðurnesjabær	83	14,8%
Grindavík	70	12,5%
Vogar	17	3,0%
Ríkisfang		
Íslenskt	430	76,7%
Erlent	131	23,3%

Tafla 5. Lengd búsetu, hæsta stig menntunar, staða á vinnumarkaði, starfsstétt, börn á heimili, hjúskaparstaða og heimilistekjur

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall eftir vigtun
Hvað hefur þú búið lengi á Suðurnesjum?		
5 ár eða skemur	126	22,8%
6-20 ár	155	28,1%
Lengur en 20 ár	271	49,1%
Menntun		
Grunnskólanám	121	22,6%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	139	26,1%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	76	14,3%
Háskólanám	198	37,0%
Staða á vinnumarkaði		
Í launuðu starfi/Atv innurekandi	375	69,0%
Á eftirlaunum	65	11,9%
Öryrki	43	8,0%
Önnur staða á vinnumarkaði	60	11,1%
Starfsstétt		
Stjórnendur og sérfræðingar	128	36,5%
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk	76	21,7%
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	79	22,7%
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	67	19,2%
Er barn/börn undir 18 ára á heimilinu?		
Nei	325	59,3%
Já	223	40,7%
Hjúskaparstaða		
Í sambúð eða hjónabandi	376	70,2%
Ekki í sambúð	159	29,8%
Hverjar eru heildartekjur heimilisins á mánuði, að jafnaði, fyrir skatt?		
400 þús. kr. eða lægri	89	18,8%
401-600 þús. kr.	93	19,6%
601-900 þús. kr.	119	25,3%
901-1300 þús. kr.	104	22,0%
Hærrí en 1,3 milljón kr.	68	14,3%


Viðhorf til búsetu á Suðurnesjum

Mynd 10 sýnir að svarendur voru almennt ánægðir með að búa á Suðurnesjum og í sveitarfélaginu.



Mynd 10. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með að búa á Suðurnesjum og í sveitarfélaginu?

Eins og sjá má á mynd 11 voru konur líklegri en karlar til að vera ánægðar með búsetu í sveitarfélaginu og hlutfallslega fleiri íbúar með erlent ríkisfang en íslenskt voru ánægðir með að búa í sveitarfélaginu. Þegar svör voru greind eftir búsetu kom í ljós að hlutfallslega fleiri íbúar Grindavíkur voru ánægðir með búsetu í sveitarfélaginu en íbúar annarra sveitarfélaga.



Mynd 11. Hlutfall ánægðra með búsetu í sveitarfélaginu, greint eftir kyni, aldri, ríkisfangi og búsetu

Þátttakendur voru spurðir opinna spurninga um hvað þeir væru ánægðastir með í tengslum við að búa í sveitarfélaginu og hvað þeir væru óánægðastir með. Í töflum 6 og 7 er búið að flokka svör þátttakenda við spurningunum tveimur. Af svörum þátttakenda má ráða að ánægja ríki með fjölda íbúa. Smæð samfélagsins gerir það að verkum að íbúar þekkjast og stutt er að fara til að sækja þjónustu. Ef ekki er hægt að sækja þjónustu á svæðinu er stutt til höfuðborgarinnar (sjá töflu 6).

Tafla 6. Hvað ertu ánægðust/ánægðastur með í tengslum við að búa í sveitarfélaginu?


Flokkuð svör	Fjöldi svara	Dæmi um athugasemd
Nálægð við atvinnu og þjónustu	62	Öll þjónusta er til staðar
Umhverfið og kyrrðin	50	Gott umhverfi
Fámennið eða hæfilegur fjöldi íbúa	44	Það er mjög kósi að búa á stað þar sem er ekki margt fólk
Nálægð við stórfjölskylduna	38	Búa nálægt foreldrum mínum og systkinum
Íbúarnir og mannlífið	38	Góð tengsl við íbúa
Húsnæðisaðstæður	19	Að eiga einbýli með garði við hliðina á höfuðborgarsvæðinu
Önnur þjónusta sveitarfélagsins	19	Góð tómsundabjónusta við aldraða
Nálægð við höfuðborg	16	Mátulega stutt frá Reykjavík ef ég vil fara þangað
Góðir skólar, leikskólar og önnur þjónusta við börn	16	Allt tengt íþróttum barna er til fyrirmyndar
Barnvænt samfélag	13	Það er rólegt og barnvænt
Atvinnuöguleikar	6	Gott úrval af vinnu
Annað	27	Það er jákvæð framþróun

Tafla 7 sýnir flokkuð svör við spurningu um hvað fólk var óánægðast með í tengslum við búsetu í sveitarfélaginu. Skortur á heilbrigðisþjónustu var langalgengasta svarið. Þá nefndi töluverður hópur takmarkað framboð á verslun og annarri þjónustu.

Tafla 7. Hvað ertu óánægðust/óánægðastur með í tengslum við að búa í sveitarfélaginu?

Flokkuð svör	Fjöldi svara	Dæmi um athugasemd
Heilbrigðisþjónusta	117	Heilsugæslan er fjársvelt og því er mikil óánægja með ástandið í þeim málum
Skortur á verslun og þjónustu	64	Að þurfa að fara til Reykjavíkur eftir nær öllu því fátt lifir af hér
Umhverfið og léleg umgengi	21	Rusl á götunum og í náttúrunni
Atvinnuástandið	18	Ekki mörg atvinnutækifæri fyrir menntað fólk á svæðinu
Há fasteignagjöld og útsvar	14	Fasteignagjöldin eru allt of há
Veðrið	14	Veðrið er nánast alltaf vont
Afþreying, menning og íþróttáðstaða	12	Möguleikar á afþreyingu eru takmarkaðir. Vantar keilu, bogfimi o.s.frv.
Mannlífið og íbúarnir	11	Slúður
Skortur á dagvistun fyrir ung börn	9	Vantar fleiri dagforeldra
Skólamálin	9	Óánægð með grunnskólann og hvernig tekið er á agamálum þar
Ímynd svæðisins	7	Hvað svæðið er alltaf talað niður
Afþreyingu og félagslíf fyrir börn og ungmenni	6	Það er skortur á tómsundum fyrir krakka
Annað	35	Aukin glæpatíðni o.fl.

Mynd 12 sýnir að hlutfallslega flestir svarendur keyptu mat og aðra nauðsynjavöru á Suðurnesjum en töluvert var um að svarendur sæktu heilbrigðisþjónustu utan Suðurnesja.



Mynd 12. Hvar gerir þú eftirfarandi: Kaupir mat og aðra nauðsynjavöru og sækir heilbrigðisþjónustu


Félagsleg þátttaka

Einn megintilgangur verkefnisins var að kanna félagslega þátttöku íbúa á Suðurnesjum. Umfjöllun um félagslega þátttöku skiptist í þrennt. Fyrst er fjallað um kosningaþátttöku, síðan menningarsókn og loks þátttöku í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi. Sem fyrr segir, var spurningalistinn sem lagður var fyrir á Suðurnesjum að hluta til hannaður með það að leiðarljósi að hægt væri að bera saman svör úr könnuninni meðal Suðurnesjabúa við svör úr viðhorfskönnunum sem lagðar hafa verið fyrir úrtak landsmanna. Með því fæst samanburður á félagslegri þátttöku íbúa á Suðurnesjum og landsins í heild án mikils tilkostnaðar. Samanburðurinn er fenginn úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni International Social Survey Programme (ISSP) sem lögð var fyrir á Íslandi síðari hluta ársins 2020 og úr sambærilegri könnun árið 2017. Samanburðurinn byggir á 1.227 svörum úr ISSP 2020 og 1.450 svörum úr ISSP 2017.

Kosningaþátttaka


Lítill munur var á kosningaþátttöku almennt á Íslandi og á Suðurnesjum (sjá mynd 13). Þannig sögðust um og yfir 90% hafa kosið í alþingiskosningunum á Íslandi árið 2017 hvort sem litið er til Suðurnesja eða landsins í heild. Á hinn bóginn var athyglisvert að mun hærra hlutfall íbúa á Suðurnesjum (20% þátttakenda) en á landinu í heild hafði ekki kosningarétt. Stafar þetta af því að mun fleiri erlendir ríkisborgarar voru meðal þátttakenda í Suðurnesjakönnuninni en samanburðarkönnuninni og erlendir ríkisborgarar eru ekki með kosningarétt í alþingiskosningum (á þó ekki við fólk með tvöfalt ríkisfang)².

² Gefnir voru þrjár valmöguleikar í Suðurnesjakönnuninni: „Já“, „nei“ og „nei, ég hafði ekki kosningarétt“.




Mynd 13. Kaut þú í síðustu alþingiskosningum, árið 2017? – Samanburður við svör úr ISSP

Í könnuninni meðal Suðurnesjabúa var sömuleiðis spurt hvort fólk hafi kosið í forsetakosningum árið 2020 og í sveitarstjórnarkosningum árið 2018. Kosningabátttaka var mjög svipuð í öllum kosningunum sem spurt var um (sjá mynd 14).



Mynd 14. Kaut þú í síðustu alþingiskosningum, árið 2017, í sveitarstjórnarkosningum árið 2018 og í forsetakosningum árið 2020?


Fólk sem ekki hafði nýtt kosningarétt sinn í sveitarstjórnarkosningunum árið 2018 var spurt hvers vegna það hafði ekki kosið. Mynd 15 sýnir að hlutfallslega flestir, eða 42%, kusu ekki sökum áhugaleysis.



Mynd 15. Hvers vegna kaust þú ekki í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2018?

Menningarsókn

Í könnuninni voru ýmsar spurningar um menningarsókn og var nokkrar þeirra jafnframt að finna í Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni ISSP sem gefur möguleika á samanburði. Alþjóðlega viðhorfakönnunin var lögð fyrir árið 2020 og til þess að unnt væri að bera saman svör, voru þátttakendur af Suðurnesjum beðnir að svara til um menningarsókn síðustu 12 mánuði áður en Covid-19 faraldurinn hófst.




Mynd 16. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á söfn eða listasýningar? – Samanburður við svör úr ISSP

Töluvert fleiri svarendur á Suðurnesjum sögðust aldrei hafa farið á söfn eða listasýningar á undangengnum 12 mánuðum (í meðalári, áður en Covid-faraldurinn hófst), eða 43%, samanborið við 18% svarenda af landinu öllu. Jafnmargir sögðust hafa farið 1-2 sinnum, 43% í báðum


hópum, en 38% svarenda af landinu öllu sögðust hafa farið þrisvar sinnum eða oftar – borið saman við 13% svarenda af Suðurnesjum (sjá mynd 16).

Enn meiri mun er að finna þegar svör íbúa á Suðurnesjum eru borin saman við landið allt varðandi það hversu oft viðkomandi fór í leikhús eða á leiksýningar. Þannig sagðist rúmlega helmingur (54%) svarenda á Suðurnesjum aldrei hafa farið í leikhús eða á leiksýningu á tólf mánaða tímabili, en 17% svarenda af landinu öllu. Þá hafði rúmlega fjórðungur landsmanna farið í leikhús eða á leiksýningu þrisvar sinnum eða oftar, samanborið við rúm 7% íbúa Suðurnesja (sjá mynd 17).




Mynd 17. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú í leikhús eða á leiksýningu? – Samanburður við svör úr ISSP

Töluvert færri svarendur af Suðurnesjum höfðu einhvern tíma farið á klassíska tónleika yfir 12 mánaða tímabil en svarendur af landinu öllu, eða 15% samanborið við 38%. Á Suðurnesjum höfðu þrír af hundraði sótt klassíska tónleika þrisvar sinnum eða oftar, samanborið við tíu af hundraði á landinu öllu (sjá mynd 18).




Mynd 18. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á klassíska tónleika (t.d. símfóníu eða óperu)? – Samanburður við svör úr ISSP

Mun fleiri höfðu sótt annars konar tónleika. Í kringum 44% svarenda, bæði á Suðurnesjum og þegar litið er til landsins alls, höfðu farið á eina eða tvö tónleika á tólf mánaða tímabili – en fleiri sögðust aldrei hafa sótt slíka tónleika á Suðurnesjum en á landinu öllu, eða 41% á mót 21% (sjá mynd 19).



Mynd 19. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú á annars konar tónleika (t.d. popp-, rokk-, rapp- eða raftónlist)? – Samanburður við svör úr ISSP


Þátttakendur í könnuninni meðal íbúa á Suðurnesjunum voru sömuleiðis spurðir hversu oft þeir færu á bókasöfn og í kvikmyndahús. Ekki var spurt um þessi atriði í alþjóðlegu viðhorfa-könnuninni og þ.a.l. var ekki unnt að bera saman svör Suðurnesjabúa og svör íbúa á landinu í heild. Mynd 20 sýnir dreifingu svara meðal Suðurnesjabúa við spurningum um hversu oft þeir sóttu kvikmyndahús og bókasöfn. Í ljós kom að þrír af hverjum fjórum hafði farið í kvikmyndahús en ríflega helmingur hafði einhvern tíma heimsótt bókasafn síðustu 12 mánuði áður en Covid-19 faraldurinn hófst.



Mynd 20. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fórst þú í kvikmyndahús og á bókasafn?


Þegar niðurstöður meðal Suðurnesjabúa sem birtast í myndum 16 til 20 eru skoðaðar í heild, sést að algengast var að þátttakendur hefðu farið í kvikmyndahús og jafnframt var töluvert um að þátttakendur hefðu farið á bókasafn en hlutfallslega færstir höfðu sótt klassíska tónleika.

Í framhaldinu voru þátttakendur af Suðurnesjum sem einhvern tíma höfðu farið í kvikmyndahús, á tónleika, leikhús, söfn eða listasýningar og bókasafn spurðir hvort þeir hafi aðallega sótt slíkt á Suðurnesjum eða utan Suðurnesja. Eins og sjá má á mynd 21 sóttu hlutfallslega flestir bókasöfn í sínu sveitarfélagi, eða 76%. Fjórðungur sótti kvikmyndahús í sínu sveitarfélagi og 20% sóttu annars konar tónleika en klassíska tónleika í sínu sveitarfélagi. Á hinn bóginn sótti um og yfir helmingur þátttakenda klassíska tónleika og leikhús eða leiksýningar utan Suðurnesja.




Mynd 21. Sóttir þú þessa viðburði aðallega í þínu sveitarfélagi, annars staðar á Suðurnesjum eða annars staðar á landinu?

Svör við spurningum um menningarsókn voru lögð saman þannig að úr varð kvarði þar sem lægsta mögulega gildið var 6 (ekki sótt neina menningarviðburði) en hæsta gildið 24 (sótt alla viðburðina sex sinnum eða oftar). Meðaltal þátttakenda á kvarðanum var 10,5 (staðalfrávik = 3,0). Mynd 22 sýnir meðaltöl kvarðans eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Þar sést að konur sóttu að meðaltali oftar menningarviðburði en karlar, íslenskir ríkisborgarar sóttu oftar slíka viðburði en erlendir ríkisborgarar og fólk sem bjó á heimilinum þar sem voru börn undir 18 ára aldri sótti menningarviðburði oftar, að meðaltali, en fólk sem ekki var með barn á heimili.



Mynd 22. Menningarsókn, greind eftir bakgrunni þátttakenda

Sömuleiðis var kannað hvort íbúar á Suðurnesjum sæktu bæjarhátíðir á svæðinu. Algengast var að þátttakendur hefðu sótt Ljósanótt, en það höfðu 73% gert síðast þegar hátíðin var haldin (sjá mynd 23).




Mynd 23. Sóttir þú viðburð sem haldinn var í tengslum við bæjarhátíð á Suðurnesjum síðast þegar hún var haldin?

Nokkur munur var á dreifingu svara við því hvort fólk hafði sótt Ljósanótt eftir bakgrunni þátttakenda. Íslenskir ríkisborgarar voru til að mynda líklegri til að hafa sótt viðburð á Ljósanótt en erlendir ríkisborgarar. Þá voru Suðurnesjabúar á vinnumarkaði líklegri til að hafa sótt viðburð en þeir sem voru utan vinnumarkaðar.

Þátttaka í íþróttá-, félags- og tómstundastarfi


Þátttakendur í könnuninni á Suðurnesjum voru beðnir að hugsa um síðustu 12 mánuði áður en Covid-19 faraldurinn hófst á Íslandi og svara til um hversu oft þeir tóku þátt í íþróttá-, félags- og tómstundastarfi. Mynd 24 sýnir að hlutfallslega fáir tóku þátt í starfi stjórnmalaflokka eða stjórnmalasamtaka, í starfi góðgerðasamtaka, í starfi björgunarsveita eða sjálfbóðastarfi íþróttafélaga, sungu í kór eða spiluðu í hljómsveit eða tóku þátt í starfi trúfélags. Á hinn bóginn höfðu tveir af hverjum þremur farið í sund og um þrjár af hverjum fjórum höfðu stundað annars konar hreyfingu.



Mynd 24. Ef þú hugsar um síðustu 12 mánuði áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft, ef einhvern tíma, gerðir þú eftirfarandi?


Útbúinn var kvarði yfir þátttöku í íþróttá-, félags- og tómstundastarfi með því að leggja saman svör þátttakenda við spurningunum sem sýndar eru á mynd 24. Því hærra gildi á kvarðanum, meiri var virkni þátttakenda. Meðaltal þátttakenda á kvarðanum var 11,7 (staðalfrávik = 3,5). Mynd 25 sýnir meðaltöl á kvarðanum eftir nokkrum bakgrunnspáttum. Konur voru að meðaltali með hærri gildi en karlar, sem táknar að þær hafi tekið oftar þátt í íþróttá-, félags- og/eða

tómstundastarfi. Einnig kom fram munur eftir ríkisfangi, þar sem þátttaka íslenskra ríkisborgara var að meðaltali meiri en erlendra. Þá var munur á meðaltölum eftir því hvort barn bjó á heimilinu eða ekki og var barnafólk að meðaltali virkara í þátttöku en fólk sem ekki var með barn á heimili.




Mynd 25. Þátttaka í íþrótt-, félags- og/eða tómstundastarfi, greind eftir bakgrunni þátttakenda

Í framhaldi var kannað hvort þátttakendur hefðu heyrt um og notað vefinn frístundir.is. Töluvert stór hópur, eða 75%, hafði ekki heyrt um vefinn. Einungis 8% höfðu notað vefinn og 17% höfðu heyrt um hann en ekki notað. Þegar svör voru greind eftir bakgrunni kom í ljós að hlutfallslega fleiri konur en karlar höfðu heyrt um vefinn, fólk á miðjum aldri var líklegra til að hafa heyrt um vefinn en yngstu og elstu aldurshóparnir, fólk af erlendum uppruna hafði síður heyrt um vefinn en fólk af íslenskum uppruna og ef barn var á heimili, var líklegra að fólk hafði heyrt um vefinn (sjá mynd 26).



Mynd 26. Hefur þú heyrt um vefinn frístundir.is. Hlutfall sem segist hafa heyrt um vefinn, greint eftir bakgrunni þátttakenda

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu oft þeir hittu vini og vinnufélaga sér til ánægju. Eins og sjá má á mynd 27, hitti um helmingur þátttakenda vini eða vinnufélaga einu sinni í viku eða oftár.




Mynd 27. Hversu oft hittir þú vini og vinnufélaga þér til ánægju?


Nokkur munur var á dreifingu svara eftir bakgrunni. Til dæmis var ungt fólk á aldrinum 18 til 29 ára (5%) líklegra til að hitta aldrei vini eða vinnufélaga sér til ánægju en hinir eldri (0-2%) og með hækkandi aldri jókst líkur á að fólki hitti vini eða vinnufélaga á hverjum dagi. Fólk sem ekki var með barn undir 18 ára aldri á heimilinu hitti oftár vini og vinnufélaga en barnafólk. Þá kom í ljós að íslenskir ríkisborgarar hittu oftár vini og vinnufélaga en erlendir ríkisborgarar.

Félagsleg virkni og líðan barna og ungmenna

Um 40% þátttakenda sögðu barn eða börn undir 18 ára aldri búa á heimilinu: 16% svarenda áttu eitt barn, 14% tvö börn og 8% þrjú börn eða fleiri (sjá mynd 28). Þátttakendur voru beðnir um að lýsa líðan barnsins eða barnanna sinna (undir 18 ára aldri) og töldu langflestir svarenda að barni / börnum sínum liði almennt frekar eða mjög vel, burt séð frá fæðingarröð (sjá mynd 29).




Mynd 28. Hversu mörg börn, undir 18 ára, búa á heimilinu?




Mynd 29. Þegar á heildina er litið, hvernig myndir þú lýsa líðan barnsins þíns? Myndir þú segja að barninu liði almennt ...

Á mynd 30 er líðan fyrsta barns greind eftir aldri þess. Þar sést að öllum börnum á leikskólaaldri leið mjög eða frekar vel að mati foreldris. Meiri dreifing var meðal eldri barna en ekki var tölfræðilega marktækur munur á líðan fyrsta barns eftir aldri þess.




Mynd 30. Mat foreldris á líðan fyrsta (eða eina) barns, greind eftir aldri barnsins

Foreldrar í könnuninni voru beðnir um að svara hversu oft mánuðinn á undan þau hefðu farið í gönguferðir eða sund, stundað útivist eða átt notalega stund heima fyrir með barni / börnum sínum. Nær allir sögðust hafa átt notalega stund heima í spjall, spil eða leik með barni / börnum sínum a.m.k. einu sinni undangenginn mánuð, eða 98% svarenda. Rúmlega helmingur hafði átt slíka samveru með barni sínu þrisvar eða oftár í viku. Þá höfðu 95% foreldra farið í gönguferð eða stundað útivist með barni / börnum sínum einu sinni eða oftár á þessu tímabili og tæplega sex af tíu sögðust hafa gert það einu sinni eða oftár í viku. Þá höfðu tveir af hverjum þremur foreldrum farið í sund með barni / börnum sínum, a.m.k. einu sinni undanfarinn mánuð (sjá mynd 31).




Mynd 31. Hversu oft í síðasta mánuði gerðir þú eftirfarandi með barni/börnum þínu/m?

Þátttakendur með barn eða börn undir 18 ára aldri voru spurðir hvar þeir fá upplýsingar um hvers konar frístundastarf er í boði fyrir barnið eða börnin. Um helmingur fékk upplýsingar á heimasíðum íþróttafélaga, jafnstór hópur fékk upplýsingar í gegnum vini eða fjölskyldu og örlítið lægra hlutfall fékk upplýsingar í gegnum skóla barnsins. Hlutfallslega fæstir, eða 19%, nálgðuðust upplýsingar á vefnum fristundir.is (sjá mynd 32).




Mynd 32. Hvar færðu upplýsingar um hvers konar frístundastarf er í boði fyrir barn þitt/börn þín?

Foreldrar í könnuninni voru jafnframt spurðir hvort þeir hefðu á síðastliðnum 12 mánuðum nýtt frístunda- eða hvatastyrk sem í boði er til að greiða niður frístundastarf barna sinna. Tæplega helmingur, eða 44% svarenda, sagðist hafa nýtt sér það en rúmlega þriðji hver svaraði neitandi. Þá sagði fimmtungur svarenda að barn eða börn sín ættu ekki rétt á styrk (sjá mynd 33).



Mynd 33. Hefur þú á síðustu 12 mánuðum nýtt frístundastyrk eða hvatastyrk sem er í boði til að greiða niður frístundastarf barna?

Þeir foreldrar sem sögðust ekki hafa nýtt frístunda- eða hvatastyrk til að greiða niður frístundastarf barna sinna voru í framhaldinu spurðir af hverju þeir höfðu ekki nýtt þennan rétt sinn. Hlutfallslega flestir, eða tæplega þriðjungur, nefndu að barnið / börnin hefðu ekki áhuga eða getu til þess að taka þátt í frístundastarfi. Þá nefndu tíu af hundraði annars vegar að frístundastarf væri of dýrt og styrkurinn dygði ekki til, og önnur tíu af hundraði að skráning og umsýsla í kringum frístundastyrk væri of flókin. Stór hópur, eða 40%, sagði aðrar ástæður fyrir því að frístunda- eða hvatastyrkurinn var ekki nýttur. Hafa ber í huga að einungis 48 svör liggja að baki hlutföllunum sem sýnd eru á mynd 34.




Mynd 34. Hvers vegna hefur þú ekki nýtt frístunda- eða hvatastyrk?


Ekki var spurt nánar út í það hvaða aðrar ástæður væru fyrir því að frístunda- eða hvatastyrkurinn var ekki nýttur.

Heilsa og líðan fullorðinna

Líkt og með spurningar er varða þátttöku íbúa voru ákveðnar spurningar lagðar fyrir úrtakið á Suðurnesjum með það fyrir sjónum að ná fram samanburði við landið allt. Samanburður er fenginn með því að nýta svör úr viðhorfakönnuninni ISSP 2020 sem greint er frá að ofan. Samanburður sýnir að hlutfallslega fleiri íbúar á Suðurnesjum sögðust hafa fundist sig vanta félagsskap en íbúar á landinu öllu. Rúmlega þrjú af hverjum tíu sögðust aldrei hafa fundist sig vanta félagsskap á Suðurnesjum samanborið við 46% svarenda af landinu öllu. Á landinu öllu sögðust 27% hafa upplifað skort á félagsskap stundum eða oft en sambærilegt hlutfall er 40% á Suðurnesjum (sjá mynd 35). Hins vegar er ekki marktækur munur á því hversu hamingjusamir íbúarnir telja sig vera þegar Suðurnesin eru borin saman við landið allt. Þátttakendur voru beðnir um að meta hamingju sína á kvarða frá 1-10, þar sem 10 stóð fyrir mjög hamingjusöm/samur og 1 fyrir mjög óhamingjusöm/samur. Meðaltal íbúa Suðurnesja á þessum kvarða var 7,58 stig (af tíu mögulegum) en meðaltal landsins alls 7,74. Miðað við 95% öryggismörk er ekki marktækur munur til staðar. Nánari dreifingu svara má sjá á mynd 36.




Mynd 35. Ef þú hugsar um hefðbundinn mánuð áður en Covid-faraldurinn hófst á Íslandi, hversu oft fannst þér þig vanta félagskap?




Mynd 36. Þegar á heildina er litið, hversu hamingjusama(n) telur þú þig vera þar sem 1 stendur fyrir mjög óhamingjusama(n) og 10 stendur fyrir mjög hamingjusama(n)?

Þegar kemur að heilsufari íbúa er fremur lítil hlutfallsmunur á dreifingu svara íbúa Suðurnesja og landsins alls en þó er munurinn tölfræðilega marktækur. Þannig töldu 68% þátttakenda á Suðurnesjum heilsufar sitt frekar eða mjög gott, samanborið við 70% íbúa á landinu öllu. Þá töldu álíka margir íbúar Suðurnesja heilsufar sitt vera frekar eða mjög slæmt og mældist á landinu öllu, eða í kringum þrír af hverjum tíu (sjá mynd 37).



Mynd 37. Hvernig er heilsufar þitt, svona almennt séð?

Í könnuninni meðal íbúa Suðurnesja var fólk spurt hversu oft á síðustu tveimur vikum það hafði verið glaðvært og létt í lund, rólegt og afslappað, virkt og kraftmikið, hversu oft það hafði vaknað endurnært og úthvílt og verið að fást við áhugaverða hluti.



Mynd 38. Hversu oft á síðustu tveimur vikum hefur þér liðið svona?

Mynd 38 sýnir að um og yfir 70% kváðust alltaf eða oftast hafa verið glaðvær og létt í lund og róleg og afslöppuð en töluvert færri, eða 45% höfðu alltaf eða oftast vaknað endurnærð og úthvíld.

Eru tengsl á milli virkni og vellíðunar íbúa á Suðurnesjum?

Til þess að meta hvort tengsl séu á milli virkni íbúa Suðurnesja og vellíðunar var notast við línulega aðhvarfsgreiningu. Búnir voru til kvarðar sem mældu annars vegar félagslega þátttöku íbúa (spurningar um þátttöku í íþróttá-, félags- og tómstundastarfi sem sýndar eru á mynd 24) og hins vegar menningarsókn, þ.e. hversu oft viðkomandi fór á bókasöfn, söfn, sýningar,

tónleika og kvikmyndahús (spurningar sem sýndar eru á mynd 21). Fyrri breytan er mæld á kvarða frá 6-24 og sú síðari á kvarða frá 7-35. Hærra gildi táknar meiri félagslega virkni eða menningarsókn. Háða breytan, líðan, var með sambærilegum hætti fengin með því að búa til kvarða sem byggir á spurningum um líðan þátttakenda, þ.e. hversu oft viðkomandi hafði verið til að mynda glaðvær, afslappaður, virkur og úthvíldur undanfarnar tvær vikur (spurningar sem sýndar eru á mynd 38). Kvarði háðu breytunnar liggur á bilinu 5-35, þar sem hærra gildi þýðir betri líðan. Í aðhvarfsgreiningarlíkaninu er stýrt fyrir áhrifum kyns, aldurshóps, heimilistekna, uppruna (íslenskur eða erlendur) og þess hvort viðkomandi hafi háskólamenntun eða ekki. Aðhvarfsgreiningarlíkanið skýrir tæplega fimmtung dreifninnar í háðu breytunni, líðan. Niðurstöður eru birtar í töflu 8.

Tafla 8. Línuleg aðhvarfsgreining á líðan íbúa Suðurnesja

	Stuðull	t	P-gildi
Háð breyta = Líðan (kvarði á bilinu 5-35. Hærra gildi = betri líðan)			
<i>R = 0,431 R² = 0,185 Leiðrétt. R² = 0,171 Staðalvilla = 3,136</i>			
Félagsstarf*	0,15	12,91	0,005 **
Menningarsókn**	0,14	2,83	0,016 *
Heimilistekjur	0,32	4,80	0,000***
Aldurshópur	0,69	6,38	0,000***
Íslenskur uppruni	-1,17	-1,98	0,049 *
Háskólanám	0,07	0,19	0,847
Kona	-0,25	-0,76	0,445
Fasti	11,61	12,91	0,000***

*Kvarði á bilinu 6-24. Hærra gildi = meiri félagsleg þátttaka


**Kvarði á bilinu 7-35. Hærra gildi = meiri menningarsókn

Eftir að stýrt hefur verið fyrir bakgrunnsbreytum (tekjum, kyni, menntun, uppruna og aldri) benda niðurstöður til þess að tengsl séu á milli líðan íbúa Suðurnesja og virkni þeirra í félags- og menningarstarfi. Þannig töldu þátttakendur sem oftast sóttu tónleika, kvikmyndahús og leiksýningar líðan sína vera almennt betri en þeir sem sóttu slíka viðburði sjaldnar (að teknu tilliti til þátttöku í almennu félagsstarfi). Þá er jákvætt samband á milli líðan þátttakenda og virkni þeirra í félagsstarfi, að teknu tilliti til fjölda menningarviðburða sem þau sóttu. Með öðrum orðum, samhliða aukinni þátttöku í ýmis konar félagsstarfi (trúfélaga, stjórnmalaflokka, sjálfboðaliðastörf o.s.frv.) jókst vellíðan þátttakenda. Hafa ber í huga að erfitt er að fullyrða um orsakasamband. Niðurstöðurnar benda til tengsla en segja ekki til um í hvora áttina sambandið er. Þannig má það vera að þeim sem líður almennt vel séu jafnframt líklegri til þess að taka þátt í félagsstarfi og sækja menningarviðburði, og því er það ekki endilega þannig að þátttaka í félagsstarfi eða menningarsókn leiði til betri líðan.

Eftir að stýrt hefur verið fyrir öðrum breytum í aðhvarfsgreiningarmódelinu, sýna niðurstöður að með hækkandi heimilistekjum batnar líðan íbúa, sem og með hækkandi aldri. Þá benda niðurstöður til þess að almennt telji íbúar af erlendum uppruna líðan sína betri en íbúar af íslenskum íbúa, eftir að tekið hefur verið tillit til ofangreindra þátta (virkni, tekna, aldurs, kyns og menntunar).

Þjóðfélagsstaða


Heilt yfir er ekki tölfræðilega marktækur meðaltalsmunur á því hvar íbúar Suðurnesja staðsetja sig í þjóðfélagsstiganum, samanborið við landið allt. Að meðaltali staðsetja báðir hópar sig rétt fyrir ofan miðju, eða í kringum sex á tíu stiga kvarða. Nokkur (og marktækur) munur er þó á dreifingu svara og eru ívið fleiri svarendur á Suðurnesjum sem staðsetja sig á bæði botni og toppi en á landinu í heild. Hlutfallslega jafnmargir staðsetja sig í lægri hluta stigans, eða 38% þátttakenda, og þ.a.l. staðsetja 63% svarenda úr báðum hópum sig í efri hluta stigans – á bilinu 6-10 á fyrrnefndum kvarða (sjá mynd 39).



Mynd 39. Í okkar þjóðfélagi eru hópar sem eiga það til að vera efst í þjóðfélagsstiganum á meðan aðrir eiga það til að vera á botninum. Hér er kvarði sem nær frá toppinum til botnsins. Hvar myndir þú staðsetja sjálfa(n) þig á þessum kvarða?

Þegar kemur að heildartekjum heimilisins, telja hlutfallslega færri þátttakendur á Suðurnesjum að það sé frekar eða mjög auðvelt að ná endum saman fjárhagslega samanborið við landið allt. Tæplega 65% svarenda af landinu öllu telja það sé frekar eða mjög auðvelt að ná endum saman en hið sama á við um 47% svarenda á Suðurnesjum. Mun fleiri telja það hvorki erfitt né

auðvelt að ná endum saman fjárhagslega á Suðurnesjum, samanborið við landið allt – 39% á móti 22% – en álíka margir úr báðum hópum telja að það sé frekar eða mjög erfitt: 14% bæði á Suðurnesjum og á landinu öllu (sjá mynd 40).




Mynd 40. Ef þú hugsar um heildartekjur heimilisins, að meðtöldum öllum tekjum allra þeirra sem leggja til þess, hversu auðvelt eða erfitt er fyrir heimili þitt að ná endum saman?

Af þessu má ráða að íbúar Suðurnesja meta fjárhagslega stöðu sína verri en íbúar á landinu í heild.

Þjóðerni og upplifun innflytjenda af fordómum


Þegar þjóðerni þátttakenda í könnuninni er skoðað kom í ljós að tæp 9% svarenda voru með erlent ríkisfang. Hins vegar, þegar þátttakendur voru beðnir um að tilgreina hvaða þjóðernishópi þeir telji sig tilheyra, nefndu 6% að þeir tilheyrðu Pólverjum, og að auki nefndu 6% annan þjóðernishóp (sjá mynd 41).



Mynd 41. Hvaða þjóðernishópi finnst þér þú tilheyra? Vinsamlega veldu einn eða tvo valmöguleika


Af þessu má ráða að einhver hluti svarenda sé af erlendum uppruna en með íslenskt ríkisfang, hvort sem um ræðir fólk sem fengið hefur íslenskan ríkisborgararétt, börn innflytjenda eða af annarri ástæðu (til að mynda hjúskap). Þátttakendur voru einnig beðnir um að svara því hvaða tungumál væri talað á heimilinu. Langflestir sögðu að íslenska væri töluð á heimilinu, rúmlega

níu af hverjum tíu, 7% sögðu að pólska væri töluð á heimilinu og 10% tilgreindu annað tungumál en íslensku eða pólsku. Hér, líkt og þegar þeir voru spurðir út í hvaða þjóðernishóp þeir töldu sig tilheyra, gátu þátttakendur valið fleiri en einn svarmöguleika (sjá mynd 42).




Mynd 42. Hvaða tungumál er talað á heimilinu?

Þátttakendur sem tilheyrðu öðrum þjóðernishópi en Íslendingum voru spurðir hvort þeir hefðu upplifað fordóma í daglegu lífi, verið neitað um að gera eitthvað, orðið fyrir áreiti eða verið gert lítið úr þeim vegna uppruna síns, þ.m.t. í vinnu, í samskiptum við opinbera aðila og á almenningssvæði. Niðurstöður eru birtar á mynd 43. Tæplega helmingur svarenda sagðist hafa upplifað slíkt alltaf (2%), oftast (2%), stundum (16%) eða sjaldan (26%) úti á götu eða á almenningssvæði, t.d. í búð, í strætó, eða á veitingastað. Rúmlega einn af hverjum tíu sagðist hafa alltaf eða oftast hafa orðið var við slíka hegðun í samskiptum við fólk í opinberri þjónustu, t.d. hvað varðar samskipti við heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk í félagsþjónustu eða kennara. Þá nefndu 15% að þeir hefðu stundum orðið fyrir fordómum í þess konar samskiptum og rúmlega fimmtungur að það hefði gerst en sjaldan. Hlutfallslega flestir sögðust hafa orðið varir við fordóma eða óæskilega hegðun í sinn garð í vinnu, eða 52% svarenda. Tíundi hver sagðist hafa upplifað fordóma alltaf eða oft, tæpur fimmtungur stundum og tæplega fjórðungur sjaldan. Ólíklegast var að þátttakendur hefðu upplifað fordóma þegar þeir sóttu um starf, en þó nefndu 44% svarenda að þeir hefðu upplifað eitthvað af ofantöldu þegar þeir sóttu um starf alltaf (3%), oft (4%), stundum (23%) eða sjaldan (15%).




Mynd 43. Hversu oft hefur þú upplifað fordóma, verið neitað um að gera eitthvað, orðið fyrir áreitni eða verið gert lítið úr þér í einhverjum af eftirfarandi aðstæðum vegna uppruna þíns?

Þátttakendur sem ekki höfðu íslensku að móðurmáli voru spurðir hvort þeir hafi sótt íslenskunámskeið. Í ljós kom að ríflega helmingur hafði sótt námskeið í íslensku og var algengast að fólk sem það gerði hafði sótt þrjú eða fleiri námskeið (sjá mynd 44).



Mynd 44. Hefur þú sótt námskeið í íslensku fyrir þá sem hafa ekki íslensku að móðurmáli?

Þátttakendur sem ekki höfðu íslensku að móðurmáli og höfðu ekki sótt námskeið í íslensku voru spurðir um ástæður þessa. Nægileg kunnátta í íslensku og skortur á tíma voru oftast nefnd sem ástæður fyrir því að sækja ekki íslenskunámskeið. Afar fáir (þrjár einstaklingar) sögðu ástæðuna vera skort á framboði á íslenskunámskeiðum á svæðinu (sjá mynd 45).




Mynd 45. Hvers vegna hefur þú ekki farið á íslenskunámskeið?

Af ofantöldu má ráða að ekki sé skortur á framboði á námskeiðum í íslensku á svæðinu fyrir fólk sem ekki hefur íslensku að móðurmáli.


Viðhorf til innflytjenda

Eitt af markmiðum verkefnisins var að kanna viðhorf íbúa til innflytjenda og fjölmennings-samfélagsins. Til þess að ná fram samanburði við viðhorfin á landinu öllu var eins og áður notast við gögn úr Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni International Social Survey Programme (ISSP) sem lögð var fyrir á Íslandi síðari hluta ársins 2020. Samanburður sýnir að hlutfallslega fleiri íbúar af Suðurnesjum en af landinu í heild telja að of margir innflytjendur hafi komið til landsins. Ríflega þriðjungur þátttakenda af Suðurnesjum voru frekar eða mjög sammála áðurnefndri fullyrðingu en 21% svarenda af landinu öllu. Þá var tæplega þriðjungur svarenda frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni á Suðurnesjum, samanborið við 57% svarenda af landinu öllu (sjá mynd 46).

Á Suðurnesjum voru hlutfallslega fleiri sammála fullyrðingunni að innflytjendur ógni íslensku samfélagi en á landinu öllu. Af íbúum Suðurnesja voru 15% frekar eða mjög sammála fyrrnefndri fullyrðingu, samanborið við 10% svarenda af landinu öllu. Þá voru 58% frekar eða mjög ósammála því að innflytjendur ógni íslensku samfélagi þegar kemur að svörum frá Suðurnesjum, borið saman við 75% þátttakenda sem svöruðu á þá leið þegar landið allt er skoðað (sjá mynd 47).




Mynd 46. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Það hafa komið of margir innflytjendur til Íslands á síðustu árum?




Mynd 47. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu: Innflytjendur ógna íslensku samfélagi

Einnig var spurt hvort menningarlíf á svæðinu hafi styrkst með auknum fjölda innflytjenda og hvort innflytjendur hafi góð áhrif á nærsamfélagið. Slíkar spurningar var ekki að finna í Alþjóðlegu viðhorfakönnuninni, ISSP. Mynd 48 sýnir að ríflega helmingur var sammála því að innflytjendur hafi haft góð áhrif á nærsamfélagið en tæplega helmingur að menningarlíf á svæðinu hafi styrkst með auknum fjölda þeirra.



Mynd 48. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum: Almennt séð hafa innflytjendur haft góð áhrif á nærsamfélagið og menningarlíf á svæðinu hefur styrkst með auknum fjölda innflytjenda

Útbúinn var mælikvarði á viðhorf til innflytjenda með því að snúa jákvætt orðuðum fullyrðingum og leggja svo saman svör fólks við fullyrðingunum fjórum um afstöðu til innflytjenda og áhrif þeirra á nærsamfélagið. Lægsta mögulega gildi var 4 og hæsta gildi 20. Því hærra gildi á kvarðanum, þeim mun jákvæðari voru viðhorf fólks til innflytjenda. Meðaltal kvarðans var 10,7 (staðalfrávik = 3,6). Eins og sjá má á mynd 49 var fólk sem þekkti fyrstu eða annarrar kynslóðar innflytjendur að meðaltali með hærra gildi á kvarðanum en fólk sem ekki þekkti innflytjendur og voru þ.a.l. með jákvæðari viðhorf.



Mynd 49. Viðhorf til innflytjenda, greind eftir bakgrunni þátttakenda

NIÐURSTÖÐUR ÚR RÝNIHÓPAUMRÆÐUM

Í upphafi rýnihópaumræðnanna voru þátttakendur hvattir til að lýsa því hvernig þeir nýttu umhverfið á Suðurnesjunum. Síðan var umræðum beint að möguleikum til félagslegrar þátttöku á svæðinu áður en talið barst að atvinnumálum og menntunarmöguleikum. Þátttakendur með börn voru beðnir að lýsa upplifun sinni af þjónustu við barnafjölskyldur og í rýnihópi með pólskumælandi þátttakendum var rætt um þjónustu við fólk af erlendum uppruna.

Umhverfið

Þátttakendur rýnihópanna voru sammála um ágæti umhverfisins á Suðurnesjum. Aðspurðir um það sem leitaði helst á hugann þegar þeir væru spurðir um umhverfið á Suðurnesjum ítrekuðu aðfluttir þátttakendur kyrrðina sem fylgdi því að búa á svæðinu:

Ég myndi segja náttúran. Við komum bæði úr Kópavogi og mér finnst ég bara vera komin út í náttúruna. Þetta er svo mikið frelsi að vera komin hingað. Í ró, kyrrð. Ekkert stress. Geta bara labbað út og sjá börnin leika sér. Mér finnst það bara algert æði.

Búsetu á Suðurnesjum fylgir þannig návist við náttúruna og næði frá erli höfuðborgarsvæðisins. Í öllum hópunum var nefnt að umhverfið væri „fallett“ og „friðsælt“ og margir nýttu sér „náttúruna í nærumhverfinu“ til hreyfingar. Nálægðin við náttúruna er mikil: „það er stutt hérna upp á heiði milli bæja“, sagði t.a.m. einn viðmælenda og fleiri tóku undir að þeir nýttu „göngustíga“ til þess að „hjóla“ eða fara í göngutúr. Einhverjir sögðust ganga daglega, og þar á meðal var einn viðmælendi sem sagðist „[ganga] sjávarsíðuna 10-15 kílómetra á hverjum degi“. Samkvæmt viðmælendum hafa miklar umbætur í átt sér stað á Suðurnesjum undangengin ár. „Umhverfið hefur batnað mjög mikið síðan 2014“, sagði t.d. einn þátttakenda. Hann sagði „mjög fallett göngusvæði og mikið [hafa] breyst“ til batnaðar, bæði innan og utan Reykjanesbæjar, með tilkomu göngustíga o.fl. Á sama tíma var kallað eftir því að göngustígarnir væru tengdir enn betur og bent var á að sums staðar vanti ruslatunnur á gönguleiðum.

Umræður um umhverfið, í pólska rýnihópnum, voru mjög í ætt við það sem bar á góma í rýnihópnum meðal íslenskra þátttakenda. Þátttakendur í pólska rýnihópnum sögðust nýta umhverfið á Suðurnesjum til útivistar. „Ég fer í klukkutíma langar gönguferðir“ segir einn þeirra „því ég vil eiga langa ævi. Og ekki sturlast“. Þannig vísar viðmælendi í útivist og hreyfingu sem bæði líkamlega og andlega næringu. Annar segist „ganga hæðirnar í kringum Grindavík“ og enn annar segist hjóla eftir göngustígnum og njóta í leiðinni „frábær[s] útsýni[s]“. Hæðirnar

eru að sögn þátttakanda „mjög flottar hjólaleiðir en þær gætu verið fleiri því þetta svæði hefur möguleika á því“. Ásamt því að fjölga stígum og tengja þá, benda viðmælendur á að úrbóta er þörf á stígnum. Þannig vantar mikið upp á lýsingu, a.m.k. á köflum, eða svo vitnað sé í orð eins þátttakanda þá eru: „engar lýsingar á þessum leiðum“. Pólsku þátttakendurnir sögðu að þó að aðstæður til útivistar væru góðar, væru möguleikar til þess að stunda líkamsrækt takmarkaðir, „fyrir utan líkamsræktarstöðina“. Á sama tíma og „mikið íþróttastarf [sé] skipulagt fyrir börn og unglinga“ séu „mjög fáir þjálfunarmöguleikar fyrir 25 ára og eldri“. Pólsku þátttakendurnir töldu því þörf á að fjölga möguleikum á líkamsrækt fyrir fullorðna á svæðinu.

Atvinnulíf á Suðurnesjum

Nokkuð misjafnt var hvar viðmælendur störfuðu, eða höfðu starfað, en flestir höfðu reynslu af því að starfa á höfuðborgarsvæðinu, a.m.k. tímabundið, og keyra á milli vinnu og heimilis á Suðurnesjum. Akstur til og frá höfuðborgarsvæðinu vegna vinnu var almennt talinn eðlilegur hluti hins daglega lífs íbúa Suðurnesja. Þannig sögðust þátttakendur ekki leiða hugann að keyrslunni eða jafnvel nýta hana á uppbyggilegan hátt eins og „að undirbúa sig“ á leið til vinnu og „hlaða batteríin“ eftir vinnudag. Þátttakendur bentu á að háannatíminn á Reykjanesbrautinni einkenndist af „umferð í báðar áttir“, þar sem fólk frá höfuðborgarsvæðinu sækta einnig vinnu á Suðurnesjum. Það myndaðist því sjaldan mikil umferðarteppa. Á sama tíma kom fram að fólk kysi heldur að starfa á Suðurnesjunum en atvinnulífið þar væri „einhæft“ og lítið framboð. „Fólk hleypur ekkert í störf hér“ segir t.a.m. einn viðmælandi og fleiri tóku undir það sjónarmið. Einhverjir, sem voru hættir að vinna eða höfðu fengið vinnu á Suðurnesjum, sögðust þó „eftirá“ hafa „áttað [sig] á álaginu“ og „tímanum“ sem hafi farið í akstur vegna vinnu.

Umræður í pólska rýnihópnum voru á svipaða leið. Ótryggt atvinnuástand var meðal þeirra þátta sem gerðu það að verkum að pólsku viðmælendurnir kusu að starfa á höfuðborgarsvæðinu: „Almennt er líf mitt í höfuðborginni vegna þess að ég stunda nám og vinn þar. Og þessi staður er bara staður til að sofa á“ segir til að mynda einn þeirra sem mættu á rýnifundinn. Fleiri taka í sama streng og kom í ljós að ódýrt húsnæði var í sumum tilvikum ástæða búsetu á Suðurnesjum fremur en atvinnumöguleikar, eða eins og einn sagði: „Margt fólk býr hér [á Suðurnesjum] vegna þess að það er miklu ódýrara“. Ódýrt húsnæði er því ein af ástæðum þess að fólk kys að búa á svæðinu þrátt fyrir að vinna annars staðar. Fram kom í samtalinu, að leiðin á milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins sé ekki löng í augum þeirra sem koma frá löndum eins og „Póllandi. Þegar þú býrð í stærri borg þá tekur það líka u.þ.b. klukkutíma að ferðast til vinnu“.

Auk ódýrara húsnæðis á Suðurnesjum nefndu þátttakendur pólska rýnihópsins tvær aðrar ástæður fyrir því að vinna í Reykjavík og keyra á milli heimilis og vinnustaðar. Önnur

þeirra var að „Reykjavík [sé] meira aðlaðandi þegar kemur að vinnumarkaði“, þ.e. að fleiri möguleikar og fjölbreyttara úrval starfa sé í höfuðborginni en í sveitarfélögum Suðurnesja, og þriðja ástæðan sem þátttakendur nefndu var mismunur á grundvelli uppruna. Í rýnihópnum var því haldið fram, að á Suðurnesjum væru heimamenn teknir fram yfir fólk af erlendum uppruna á atvinnumarkaði – eða eins og einn orðaði það: „Það er orðatiltæki um að það sé auðveldara fyrir lamaðan heimamann að verða hlaupari en útlendingur“. Með orðum annars viðmælanda: „Ég þekki tilvik þar sem fólk af erlendum uppruna með menntun sótti um starf, en þrátt fyrir þetta fékk íslenskur maður vinnu, án tilskilins hæfis“. Uppruni fólks er því að mati þátttakenda metinn umfram hæfni á vinnumarkaði.

Herinn

Aðspurð um ástæðu fyrir fábreytni á vinnumarkaði Suðurnesja sögðu þátttakendur hana í grunninn byggjast á tveimur þáttum sem hefðu gagnvirk áhrif hvor á annan. Annars vegar hafi skapast menning fyrir stórum atvinnugreinum sem gerðu smærri greinum erfitt fyrir og hins vegar væri menntunarstig íbúa á Suðurnesjum almennt lágt. Í því sambandi var minnst á sjávarútgerð á Suðurnesjum sem hafi falið í sér láglau nastörf en jafnframt uppgrip fyrir láglaunafólk. Þó var herinn helsta dæmið um stóra atvinnugrein sem kallað hafi eftir og viðhaldið lágu menntunarstigi á svæðinu:

Við fengum herinn á sínum tíma. Og ruðningsáhrif af slíku fyrirbæri voru alveg svakaleg. Litlir verktakar, iðnaðarmenn, þeir þrifust nánast ekki hér á svæðinu nema bara með því að komast í vinnu fyrir herinn í gegnum ÍAV eða Keflavíkurverktaka. Þannig að atvinnulífið hér, það var bara miklu einhæfara fyrir vikið. [...] þú gast fengið góða vinnu hjá hernum, án þess að vera með mikla menntun [...] og þú fékkst bara fín laun.

„Ruðningsáhrifin“ sem vísað er til í orðum viðmælanda lýsa því hvernig stórar og öflugar starfsgreinar geta dregið úr þörf fyrir aðrar atvinnugreinar. Orð viðmælanda gáfu til kynna að herinn hafi mettað atvinnuþörfina á staðnum, og jafnvel út fyrir bæjarmörk. „Nóga vinnu“ var að hafa hjá hernum fyrir ómenntað fólk og meðaltekjur voru, samkvæmt þátttakendum, „hærri en annars staðar á landinu“. Hvatinn til menntunar var því lítill og ákveðin vinnumarkaðsmenning varð til.

Frá hernum til Covid

Stuttu eftir að herinn fór tók ný, ráðandi atvinnugrein við: ferðaþjónustan.

Síðan upplifum við það þegar herinn fer og þessi ferðamannaiðnaður verður stór og sterkur, og þá verður þessi flugstöð aðal atvinnuvegurinn og ruðnings-

áhrifin af flugstöðinni eru líka geigvænleg. [...] En síðan erum við auðvitað í þeirri stöðu að þegar þessir stóru atvinnuvegir klikka, þá stöndum við bara berskjölduð. [...] Þannig að við viljum ekkert öll mennta okkur í það að vera uppi í flugstöð, vegna þess að flugstöðin, ferðamannaíðnaðurinn borgar frekar illa.

Samkvæmt orðum viðmælanda gjörbreyttust forsendur á atvinnumarkaði við brotthvarf hersins. Ferðaþjónustan, sú atvinnugrein sem tók við af hernum og myndar nú grunnstoðir atvinnulífs á Suðurnesjum, býður ekki upp á sambærileg starfs- og launatækifæri og herinn gerði. Lágt menntunarstig íbúa, sem eigi að einhverju leyti rætur í veru hersins á Suðurnesjum, helst áfram lágt þar sem eftirspurn eftir menntun í ferðaþjónustu er lítil og menntun innan geirans fremur einsleit. Þá vísar viðmælandi í ytri aðstæður sem gerðu það að verkum að „þessir stóru atvinnuvegir klikka“, í þessu tilfalli brotthvarf hersins og tilkoma Covid, sem ollu því að bæjarfélögin „[stöðu] berskjölduð“. Ein, ráðandi atvinnugrein getur þannig verið bæði „styrkleiki og veikleiki“ hvers sveitarfélags líkt og annar viðmælandi benti á, þ.e.a.s. á sama tíma og auðvelt aðgengi er að vinnu býður stór atvinnugrein oft upp á ómenntuð láglaunastörf og hvatinn til menntunar og endurmenntunar er því lítill.

Atvinnuleysi

Að sögn þátttakenda rýnihópanna hefur atvinnuleysi lengi verið hærra á Suðurnesjum en í öðrum landshlutum. Suðurnesjabúar hafa einnig í meira mæli fundið fyrir auknu atvinnuleysi vegna Covid-faraldursins en íbúar annars staðar á landinu, en þó er það misjafnt eftir bæjarfélögum líkt og fram kemur í samtali tveggja viðmælanda í einum rýnihópanna:

V1: Það hefur verið mikið atvinnuleysi hérna og náttúrlega út af Covid, sérstaklega, því þegar ferðamannabransinn hrundi, voru ekki eitthvað á annað þúsund manns sem misstu vinnuna í tengslum við það? En úti í Sandgerði þar var það fiskurinn líka, og í Garðinum, er það ekki?

V2: Það voru um 600 manns sem misstu vinnuna í Lóninu, það eru náttúrlega tæplega 1000 manns sem vinna þar. En við höfum kannski minna fundið fyrir því úti í Grindavík, í atvinnuleysinu eftir Covid, af því þar er sjávarútvegurinn ennþá mjög sterkur.

Áhrif Covid á atvinnulíf Suðurnesja hefur þannig verið mismunandi milli sveitarfélaga en þátttakendur voru þó sammála um að grípa þurfi til markvissra aðgerða til þess að efla atvinnulífið til muna í heild sinni.

Atvinnuuppbygging

Nokkrar hugmyndir voru reifaðar á fundunum um hvernig best færi á því að efla atvinnulíf í sveitarfélögum Suðurnesja. Gróflega má skipta sjónarmiðum um eflingu atvinnulífs í tvennt, þ.e.a.s. sjónarmið þeirra sem töluðu fyrir einni altækri lausn, eða stóriðju, og þeirra sem töldu að „fjölga [þyrfti] eggjunum, við erum alltaf að tala um að fjölga eggjunum, en við höfum verið að missa þau“. Með öðrum orðum vísar viðmælandi í að byggja þurfi upp fleiri en eina starfsgrein í stað þess að treysta á eina, stóra atvinnugrein. Einn möguleiki sem nefndur var í því samhengi var fiskeldi: „Við erum að sjá hugsanlega koma hérna fiskeldi, sem mun veita fullt af fólki vinnu“.

Talsmenn stóriðju voru nokkrir en þeir töluðu um að grípa þyrfti til stórtækra aðgerða til þess „að bjarga sveitarfélaginu“. „Kísilver, álver, ef þetta færi af stað, þetta myndi skapa vinnu og náttúrulega launin“, segir til dæmis einn þátttakandi. Aðrir lýstu yfir andstöðu sinni við stóriðju og töldu „kálver“ vænlegri kost en „álver“, þ.e.a.s. að byggja stór gróðurhús og rækta korn og grænmeti í stað þess að framleiða ál. Bent var á að jarðhitinn á svæðinu byði upp á kjörnar aðstæður fyrir gróðurhús og ýmiss konar nýsköpun þeim tengdum.

Nokkuð var rætt um atvinnumöguleika sérmenntaðs fólks. Í ljósi þess að aðalatvinnugreinin, ferðaþjónustan, býður helst upp á þjónustustörf er framboð fyrir aðra sérmenntun á vinnumarkaði lítil:

Það er nánast ekkert um sérhæfð störf. Nánast ekki neitt. Ef maður horfir bara, eins og ég náttúrulega sem verkfræðingur. Og ég horfi náttúrulega bara á mitt svið. Og ég get kannski bent á [örfáa] staði bara á Suðurnesjum, sem ég gæti verið að vinna. Það er HS-orka og það er flugstöðin.

Það var því mat viðmælenda að við atvinnuuppbyggingu þyrfti að huga að fjölbreytni starfa, þ.e. bæði skapa störf fyrir ófaglærða og fólk sem lokið hefur háskólanámi.

Nýsköpun

Nýsköpun í atvinnumálum var títt nefnd sem nauðsyn til þess hægt sé að bæta samfélagið á Suðurnesjum. Nýsköpun var nefnd sem hluti af „fram tíðarsýn“ og nokkurs konar andstæða gamla „einhæfra“ atvinnutímabila í sögu Suðurnesja. Nýsköpun á atvinnumarkaði var ýmist tengd menntun eða tómstundum í umræðu rýnihópanna. Þannig var sá möguleiki ræddur að stofna „nýsköpunarbraut“ í framhaldsskólum Suðurnesja (FS og Keili) með það sem markmið að tryggja beint flæði nýrra starfa á vinnumarkað Suðurnesja. Önnur hugmynd sem fram kom var að sveitarfélögin myndu setja á stofn nokkurs konar tómstundastöð, „fablab“, þar sem fólk gæti spreytt sig á ýmsum hönnunartengdum verkefnum:

[Mér finnst] fablab mjög sniðugt concept. Þetta er Breiðholti, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri veit ég. Þetta eru bara svona staðir þar sem fólk getur komið, fengið aðgang að alls konar tækjum, hönnunartækjum, svona lazer-prenturum, svona 3D prentunar-græjum. Mjög margir hafa prófað að hanna alls konar hluti, bæði skartgripa eða myndir eða annað. Þú getur fengið aðgang að þessum fablab stöðum og prófað þig áfram og það kostar ekkert í tækin eða neitt, þannig að þú borgar í raun og veru bara fyrir það efni sem að þú ert að nýta, nema þú komir með efnið.

Afurðir hönnunartilrauna íbúa væri svo jafnvel hægt að þróa áfram í vöruþróun og atvinnurekstur henni tengdri.

Þjónusta við íbúa

Þátttakendur lýstu upplifun sinni af þjónustu á svæðinu, bæði þjónustu sem veitt er af hinu opinbera og þjónustu einkaaðila.

Verslun og þjónusta

Ójafnvægi í vöru- og þjónustuframboði við íbúa á svæðinu var ítrekað nefnt. Þannig var talað um að „Reykjanesbær [hlyti] að vera Íslandsmeistarar í að eiga skyndibitastað per capita“ og sömuleiðis ætti bærin eflaust „heimsmet í klippistofum“ líkt og einhverjir orðuðu það. Einn viðmælandi segir: „Ég man þegar ég flutti fyrir 30 árum, ég taldi hárgreiðslustofurnar, þær voru yfir 30, og þá voru talsvert færri íbúar“. Hvoru tveggja var talið „arfleifi frá hernum á sínum tíma“ sem hefði haldist þrátt fyrir að herinn sjálfur væri farinn. Þjónustan á Suðurnesjum, sér í lagi Reykjanesbæ, bæri þannig keim af liðnum tíma.

Í rýnihópunum var rætt um að almennt framboð á vörum og úrval verslana væri takmarkað á svæðinu. Þannig bendir einn þátttakenda á að úrval á fatnaði sé fábrotið og að til dæmis sé „ekki hægt að fá nærföt og annað [fyrir karlmenn]“. Annar segir: „Mér finnst ekkert lífa hérna. Nú er komið bara smá frímerki sem er Húsasmiðja. Ef ég fer í Byko, þá er það aldrei til, það þarf að pantast í Reykjavík, þú veist maður fer bara í bæinn“. Þátttakendur lýstu vilja sínum til að versla í nærumhverfi sínu og töldu augljós tækifæri felast í því að auka verslun og þjónustu en á sama tíma var nálægðin við höfuðborgina nefnd sem helsta fyrirstaða þess að almenn verslun og þjónusta næðu að skjóta rótum og blómstra í bæjarfélögum Suðurnesja. Jafnframt bentu sumir á að nálægðin við höfuðborgarsvæðið væri meðal helstu kostna þess að búa á Suðurnesjum og að þ.a.l. væri óþarfi að byggja upp fjölbætta þjónustu í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum.

Heilbrigðisþjónusta

Í rýnihópunum barst talið ítrekað að heilbrigðisþjónustu, án þess þó að umræðustjóri beindi umræðunni í þá átt. Þátttakendur voru sammála um að heilbrigðisþjónustu þyrfti að bæta þar sem „HSS, eða sem sagt heilbrigðiskerfið er í molum hérna [á Suðurnesjum]“. Samkvæmt þátttakendum þyrfti lágmarks heilbrigðisþjónusta, s.s. aðgengi að heimilislæknum og tannlæknum, að minnsta kosti að vera til staðar í heimabyggð.

Rekstrarvandi HSS var ekki rakinn nákvæmlega á fundunum, en þó tengdu þátttakendur hann, a.m.k. að hluta til, neikvæðri ímynd Suðurnesja sem helst í hendur við lágt menntunarstig. Þannig kom fram að heilbrigðisstarfsfólk á HSS hafi ekki viljað búa í Reykjanesbæ eða nálægum sveitarfélögum þar sem „það þykir ekki nógu fínt“. Ímynd Suðurnesja hefði með öðrum orðum ekki laðað menntað fólk heilbrigðisstofnana til búsetu og starfa á staðnum.

Það var kannski, skurðstofan var opin allan sólarhringinn og svo var kannski kona í fæðingu. Svo ef þú ætlar að kalla á skurðstofudeildina, þá var svæfingalæknirinn, hann bjó í Kópavogi, það var miklu fljótara að fara með konu í sjúkrahól til Reykjavíkur, heldur en að kalla út.

Orð viðmælanda vísa þannig í þann rekstrar- og þjónustuvanda sem felst í því að flytja starfsfólk og/eða sjúklinga á aðrar stofnanir. Í heild sinni hafi rekstrarvandi HSS orðið til þess að þjónusta á staðnum hafi verið skert og deildum lokað sem gat af sér aðra birtingamynd sama vandamáls:

Þarna er komið þínu svona “Catch-22”. Það vantar háskólamenntað fólk á svæðið, eins og svæfingalækni, en svo fær svæfingalæknirinn ekki vinnu á svæðinu af því það er búið að loka skurðstofunni. Þannig að ef þú ætlar að verða svæfingalæknir, þá ertu væntanlega ekkert að fara að búa í Keflavík.

Skortur á þjónustu, menntun og atvinnu helst þannig innbyrðis í hendur eða bitur í skottið hvert á öðru sem, að sögn viðmælanda litar loks ímynd Suðurnesja á neikvæðan hátt.

Þjónusta við börn og barnafjölskyldur

Allir viðmælendur sem höfðu reynslu af skólakerfi í sveitarfélögum Suðurnesja lýstu ánægju sinni með skólastarfið í heild sinni. Þannig segir t.d. einn viðmælandi:

Ég á þrjá stráka sem eru búnir að ganga alla skólagönguna hérna, [...] og ég hef aldrei orðið var við nema bara hamingju alla daga. [...], það sem ég hef fundið frá þeim, hvað þeir hafa verið ánægðir í allri sinni skólagöngu hér.

Aðrir viðmælendur tóku í sama streng og einhverjir segja sín börn „alls ekki vilja flytja og skipta um skóla“. Skólastarfið er þannig tvímælalaust styrk stoð í þjónustu sveitarfélaga Suðurnesja, a.m.k. fyrir alla „svona venjulega krakka“, líkt og einn viðmælenda orðaði það. Helsta gagnrýnin á grunnskóla sveitarfélaganna var þjónusta við börn með sérþarfir. Þannig segir einn þátttakenda:

Strákurinn minn er einhverfur og mér finnst ekki alveg nógu góð þjónusta og svona stuðningur við [hann], alla vega ekki í grunnskólanum [...], og það vantar líka smá tengingu á milli skólans og félagsþjónustunnar. [...] Þannig að hann hefur stundum finnst mér dálítið dottið upp fyrir og ekki fengið alla þá þjónustu sem hann þarf.

Að sögn viðmælenda er þjónustan við börn með sérþarfir misjöfn á milli sveitarfélaga. Hvert sveitarfélag fær sitt fjármagn í málaflokkinn og hverjum skóla er það í sjálfsvald sett hvernig fjármagninu er ráðstafað. Einnig er samstarf skóla og félagsþjónustu misjafnlega háttáð. Jafnframt því sem betri „tengingar“ var krafist á milli félagsþjónustu og skóla, líkt og fram kom í tilvitnuninni hér fyrir ofan, var kallað eftir meiri upplýsingum til foreldra. Sem dæmi segir einn viðmælenda:

Já, mér finnst það vanti upplýsingaflæði, líka eins og til dæmis þegar sumarfríin eru að koma, ég þarf að sækja um fríð mitt í mars, en ég veit ekki hvenær leikjánaðmskeiðin og allt þetta er, fyrr en bara í byrjun júní.

Með öðrum orðum var bent á að upplýsingaflæði til foreldra mætti vera skilvirkara en einnig var kallað eftir því að stofnanir sem sinna þjónustu við börn stilltu saman strengi.

Í rýnihópunum kom fram að starfsemi íþróttafélaga og tónlistarskóla sé tengt skólunum. „Tónlistarkennarar koma í skólana“ og íþróttastarfið er, a.m.k. í einhverjum sveitarfélaganna, tengt skólastarfinu þannig að foreldrar „sækja börnin bara þegar þau eru búin í íþróttum“, segir einn þátttakandi. Að sögn viðmælenda er íþróttastarfið í heild sinni gott sem og gengi en þó kom fram að skortur væri á fjölbreytni. Þannig sagði t.d. einn þátttakenda að það séu „fjögur eða fimm fótboltafélög á Suðurnesjum, líka körfubolti, en ekki neitt handboltafélag [...] en allir hafa áhuga á handbolta“. Gæta þurfi því jafnræðis við að mæta áhuga barna og unglunga í íþróttum. Að auki kölluðu þátttakendur heilt yfir eftir fjölbreyttara tómsundastarfi fyrir börn og unglunga s.s. „myndlistarnámskeiðum“ „listanámskeiðum, jóga“ o.fl.

Nokkuð var rætt um möguleika á bættri aðstöðu til fjölskyldusamveru, þar sem foreldrar og börn gætu varið tíma saman, eða „svona fjölskyldu-afþreyingu“:

Það vantar svo mikið svona fyrir krakka. Fjölskyldugarða til dæmis. Sem bæjarvinnan getur unnið við á sumrin. Og nú erum við með smíðadeild í fjölbraut, sem gæti smíðað aðstöðu og annað.

Með þessum hætti væri hægt að skapa vinnu fyrir ungmenni, bæði við uppbyggingu og gæslu í fjölskyldugörðum, sem og styrkja afþreyingu fyrir alla fjölskylduna. Þátttakendur vísuðu í sambærileg fordæmi erlendis „eins og í Svíþjóð og á fleiri stöðum, svona garðar þar sem fólk getur hist, það eru kannski svona langar rennibrautir“. Þá kom upp sú hugmynd að „bærinn gæti líka hvatt fólk til að hafa götugrill [...] líkt og á írskum dögum á Akranesi“. Með þessum hætti „gæti fólk kynnst“ og samskipti og samstaða íbúa sveitarfélaganna myndi eflast. Loks minntust þátttakendur á „mikla tónlistarhefð af Suðurnesjum. Hljóma og það allt saman“, hefð sem að mati þátttakenda mætti blása meira lífi í og tengja lifandi viðburðum í bæjarfélögunum.

Þjónusta við eldri borgara

Fulltrúar eldri borgara í rýnihópunum báru félagsstarfi eldri borgara vel söguna. Að sögn þátttakenda var um blómlegt frístundastarf að ræða og þátttaka almennt góð. Þó kom fram gagnrýniströdd aðflutts eldri borgara sem sagði erfitt að nálgast upplýsingar um hvaða starfsemi væri boðið upp á, hvar og hvenær. Lagt var til að bæta aðgengi að upplýsingum um starfsemina.

Menntun

Þátttakendur sammæltust um að menntunarstig á Suðurnesjum væri lágt og að þörf væri á að bæta úr því. Tækifæri heimafólks til að bæta við sig menntun eru samkvæmt viðmælendum þó nokkur. Þannig kom fram á fundunum að „rosamargir [hafi] farið inn í Keili, í Menntastöðir og þetta allt“ og jafnvel haldið áfram í háskólanám. Aðrir bentu á möguleikann á að nýta starfsreynslu sína og fá hana metna til náms:

Fólk er að fara í raunfærnimat sem er búið að bjarga helling. Eins og ég var búin að vinna sem kokkur í mörg ár og fór í raunfærnimat og útskrifaðist úr raunfærnimatinu með einhverjar einingar og svo fór ég bara í skólann og tók þau fög sem, þú veist skólameistarinn úr MK kom, það sem vantaði upp á.

Margra ára starfsreynsla fólks getur þannig nýst sem hluti náms í faginu og um leið bætt réttindi og möguleika á vinnumarkaði. Fjölbreytt menntun íbúa Suðurnesja var talin hafa fjölþætt áhrif til hins betra. Hærra menntunarstig meðal íbúanna myndi auka möguleika þeirra á vinnumarkaði og fjölbreytni starfa. Þá myndi hærra menntunarstig meðal heimamanna auka fýsileika fyrir aðra til að starfa og búa á Suðurnesjum og bæta ímynd Suðurnesja í heild sinni.

Viðmælendur í pólska rýnihópnum sögðu almennt menntunarframboð á Suðurnesjum vera ágætt þó úrvalið sé meira á höfuðborgarsvæðinu. Nokkrir þátttakenda sögðu frá því að hafa nýtt sér MSS (Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum) sem væri góð leið til þess að verða sér út um menntun og „MSS [hafi] einnig samstarf við vinnumiðlun“ sem auki möguleika fólks í atvinnuleit og á vinnumarkaði.

Ímynd

Þátttakendur voru sammála um að samstillt átak allra hlutaðeigandi aðila sé forsenda þess að bæta menntunarstig, nýsköpun, starfsmöguleika og þar með ímynd Suðurnesja. Þannig þurfi menntastofnanir á staðnum, íbúar og stjórnendur bæjarfélaga að vera samstíga í að leita lausna, finna þeim farveg og hrinda þeim í framkvæmd. Ábyrgð og íhlutun stjórnenda sveitarfélaganna var ítrekuð. Dæmi voru nefnd um að sveitarfélögin gætu boðið ódýrar lóðir til kaupa líkt og tíðkast hefði í öðrum sveitarfélögum, bæði fyrir almenning og fyrirtæki.

Það eru ekki meira en kannski sjö ár síðan Ícelandair, sem dæmi, tók ákvörðun um að fara inn í Hafnarfjörð með höfuðstöðvar sínar. Þetta er eitthvað svona tækifæri sem Reykjanesbær eða jafnvel Sandgerðisbær hefði [getað nýtt sér] [þeir] hefðu bara getað komið til okkar og fengið að vera hérna frítt í tíu ár. Þetta er verkefni til hundrað ára og sama með Isavia fyrir eitthvað tveimur eða þremur árum, ákváðu að fara inn í Hafnarfjörð líka. Nánast öll starfsemi Isavia er á Keflavíkurflugvelli, en með höfuðstöðvarnar í Hafnarfirði.

Með öðrum orðum fólst tækifæri í því að fá tvö stærstu fyrirtækin sem mynda grundvöll atvinnustarfsemi á staðnum til þess að hafa höfuðstöðvar nálægt starfseminni sjálfri. Það hefði aukið atvinnutækifærin á staðnum og líkurnar á að starfsfólk fyrirtækjanna settust að nálægt vinnu sinni. Að auki myndi sú sérþekking og menntun sem starfsfólk fyrirtækjanna býr yfir bæta ímynd Suðurnesja.

Þátttakendum rýnihópanna var hugleikið hvernig mætti bæta ímynd sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Neikvæð ímynd Suðurnesja var sögð tengd lágu menntunarstigi, líkt og áður var komið inn á, og skertum atvinnumöguleikum sem hefðu áhrif á umræðuna og endurspegluðust meðal annars í neikvæðum fréttáflutningi. Þátttakendur töldu því mikilvægt að halda jákvæðum fréttum frá Suðurnesjum og fólkinu sem þar býr á lofti. Þannig mætti í opinberri umræðu gefa kostum þess sem fylgja því að búa á Suðurnesjum, líkt og lágu húsnæðisverði og öðrum kostnaði við daglegt líf, aukið svigrúm. „Ég seldi litla kjallaraíbúð [í Laugardalnum] og keypti mér einbýlishús, með heitum potti og bílskúr á sama pening“ segir t.a.m. einn viðmælandi og bætir því við að kostnaður sem fylgi fótboltaíðkun unglinga sé í heildina mun lægri á

Suðurnesjum en á höfuðborgarsvæðinu. Þáttum sem þessum mætti koma á framfæri á uppbyggilegan hátt.

Íþróttastarfsemi á Suðurnesjum er, samkvæmt viðmælendum, í heildina til fyrirmyndar líkt og undangenginn árangur í körfubolta og Skólahreysti ber vitni. Í árangrinum fælist dýrmæt ímynd sem bæri að gera hærra undir höfði. Þá var sókn til menntunar sem fælist í uppbyggingarstarfi FS og Keilis hluti af dýrmætri vinnu sem mætti nýta í ímyndarsköpun Suðurnesja. Þátttakendur voru sammála um að sveitarfélögin mættu fara í ákveðna „ímyndarherferð“ á borð við „herferðina Góðar sögur“ og nýta í áframhaldandi og jafnframt umfangsmeiri vinnu.

Fjölmeningarsamfélagið

Í flestum rýnihópunum bar íbúa Suðurnesja af erlendum uppruna á góma. Í grófum dráttum má skipta innihaldi umræðna íslensku hópanna í þrjá megin hluta. Í fyrsta lagi var „hópamyndun“ meðal fólks af erlendum uppruna rædd, sem þótti að vissu leyti eðlileg en um leið óæskileg, þar sem hún yrði til þess að fólkið samlagaðist síður innfæddum. Í öðru lagi lagði hluti þátttakenda áherslu á að fólk af erlendum uppruna þyrfti að „aðlagast“ síðum og gildum sem væru hluti af íslenskri menningu og í þriðja lagi var bent á þörfina á upplýsingum til handa bæði erlendum og íslenskum íbúum Suðurnesja: „Það vantar bæði fyrir Íslendinga og útlendinga að vita hvað er um að vera hérna á þessu svæði“, segir t.d. einn þátttakenda sem var nýfluttur á svæðið.

Hlutfall innflytjenda af íbúum landsvæða er mest á Suðurnesjum eins og áður hefur komið fram. Þegar pólsku þátttakendurnir voru spurðir hvað þeir tengdu Suðurnesjasvæðið við, lýstu þeir fjölmeningu og að á svæðinu væri jafnframt „stærsta hlutfall pólskra íbúa“ líkt og einn orðaði það. Orð hans gefa vísbendingar um að pólska samfélagið á Suðurnesjum sé nokkuð mótað eða a.m.k. séu forsendur fyrir því, fjöldans vegna. Þá tengdu pólsku þátttakendurnir Suðurnes við flugvöllinn og þá starfsemi sem fer fram þar. Í umræðunum pólska hópsins kom fram að starfsemi flugvallarins, sem og annarra fyrirtækja tengdum ferðaþjónustu á Suðurnesjum, hafi verið sveiflukennd „vegna þess að allt er árstíðabundið og byggist á breyttri hagsveiflu þegar kemur að ferðaþjónustu“, líkt og einn orðaði það. Nú sé hins vegar starfsemi flugvallarins og önnur ferðaþjónusta í lágmarki vegna Covid og „hér er mesta atvinnuleysið“. Annar bendir á að þegar samdráttur eigi sér stað bitni það fyrst á aðfluttu vinnuafli: „Covid kemur og þér er sagt upp með fjöldauppsögnum, þá fara auðvitað útlendingar fyrst og Íslendingar sitja eftir“. Fólk af erlendum uppruna geldur þannig fyrst fyrir samdrátt á vinnumarkaði, að mati pólskra þátttakenda.

Auk augljóss samdráttar á vinnumarkaði vegna Covid vöktu pólsku þátttakendurnir athygli á að „mörg fyrirtæki [hafi farið] til Póllands“ með þeim afleiðingum að „ekki aðeins Pólverjar heldur einnig aðrir íbúar [Suðurnesja] hurfu“ líkt og tveir þátttakenda kusu að lýsa ákveðinni þróun sem hefur átt sér stað í íslensku samfélagi. Samkvæmt þátttakendum rýnihópsins hafa nokkuð mörg íslensk fyrirtæki ákveðið að flytja starfsemi sína og starfsfólk til Póllands, bæði Pólverja og Íslendinga, sem hafi haft áhrif á vinnumarkað og samfélag Suðurnesja og um leið landið allt.

Íslenskukennsla og -kunnátta

Í pólska rýnihópnum var rætt um framboð á íslenskukennslu. Saga Akademia var nefnd sem dæmi um gott framboð í tungumálakennslu. Þar væri vönduð kennsla og ýmis tungumál í boði s.s. enska, franska og pólska og að sjálfsögðu íslenska. Þátttakendur pólska rýnihópsins töldu ekki að skortur á framboði á íslenskukennslu stæði þeim fyrir þrifum. Þvert á móti tóku þátttakendur fram að framboð íslenskukúrsa væri gott og „í samanburði við tungumálakennslu í Póllandi er framboðið hér ljómandi. Ég veit það því systir mín sem býr í Póllandi á erlendan eiginmann“ segir t.a.m. einn viðmælenda. Tungumálhindranirnar sem fólk af erlendum uppruna tekst á við á Íslandi liggur að mati viðmælenda mun frekar í að fá tækifæri til að æfa sig í að tala íslensku:

Þetta samfélag er tvítyngt og gerir þér í grundvallaratriðum kleift að eiga samskipti á hvaða sviði sem er á ensku. Stundum drepur það hvatann til að halda áfram að læra [íslensku] á hærra stigi, því á einn eða annan hátt getur einstaklingur sem talar ensku tjáð sig nánast hvar sem er án vandræða.

Mikil enskukunnátta meðal Íslendinga geri það að verkum að þeir „skipta strax yfir á ensku“ þegar útlendingar „reyna að tala íslensku“, segja þátttakendur. Þar með eru tækifærin til þess að æfa íslenskuna fá, sem aftur dregur úr vilja fólks af erlendum uppruna til þess að eiga samskipti við Íslendinga. Sem hugmynd að lausn á þessum vanda, sem um leið myndi efla möguleika allra íbúa Suðurnesja til þess að eiga samtál og samskipti þvert á uppruna, var að „yfirvöld [myndu] skapa tækifæri fyrir útlendinga til að tala á íslensku. Fundi þar sem þú [getur komið og] talað íslensku“.

Samtal milli íbúa af íslenskum og erlendum uppruna

Í pólska rýnihópnum var áhersla lögð á nauðsyn þess að móta sameiginlegan samtalsgrundvöll fyrir fólk af erlendum og íslenskum uppruna. Þrátt fyrir töluverðan fjölda Pólverja á Suðurnesjum fer að sögn þátttakenda rýnihópsins lítið fyrir samskiptum þeirra og annarra Suðurnesjabúa. Hluta ástæðunnar má rekja til þess að margir sækja atvinnu og þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en að hluta til má einnig kenna almennu sinnuleysi um: „reyndar hef ég

búið hér í tvö ár og veit samt ekkert. Ég þekki hvorki nágrannana né veit hvað er í gangi hér. Enginn hittist og enginn deilir upplýsingum“ segir t.d. einn viðmælandi. Þátttakendur undirstrika að enginn ágreiningur sé til staðar á milli fólks af erlendum og íslenskum uppruna en einhvers konar útgangspunktur fyrir samtali. Einn viðmælenda leggur til að Suðurnesjamenn eigi frumkvæði að samtali:

Ég held að það væri gott að heyra frá þeim [Íslendingum] hvað þeir myndu vilja. Vegna þess að þeir hafa okkur hér. Enginn er ósáttur. Það er bara ekkert samtali milli okkar. Ég held að það væri áhugavert.

Fleiri þátttakendur taka undir það sjónarmið að frumkvæðið þurfi að vera frá heimamönnum þar sem ýmsar hömlur geti verið meðal aðfluttra:

Ég vann á leikskóla og ég fékk tækifæri til að taka eftir því hvernig pólskir foreldrar fela sig, sérstaklega ef þeir eru í hópi, þar sem von er á Íslendingum. Pólskir foreldrar virðast vera hræddir við að taka fyrsta skrefið til að byrja að tala við íslenska foreldra og það vantar stað þar sem foreldrar gætu farið og drukkið kaffi.

Tungumálaerfiðleikar og feimni aðflutts fólks af erlendum uppruna við að eiga fyrstu skref í samskiptum við íbúa bæjarfélaga kalla með öðrum orðum á framtakssemi þeirra sem þekkja samfélagið. Á sama tíma og óskað var eftir samtalinu sjálfu var einnig bent á að til þess að það geti átt sér stað þarf ákveðinn samastaður að vera hendi. Með því að finna stað, stund og sameiginlegt umræðuefni má að mati þátttakenda búa til samtalsgrundvöll sem mögulega myndi þjappa íbúum bæjarfélaganna saman og um leið auka á ánægju þeirra.

Upplýsingagjöf

Aðspurð um hvort upplýsingar frá bæjarfélaginu og/eða opinberum stofnunum væru fullnægjandi sögðu pólsku viðmælendurnir helstu grunnupplýsingar vera fyrir hendi, og stundum á pólsku, og einn þeirra segist jafnvel „stundum skemmtilega hissa á því að það eru líka til upplýsingar á pólsku á sumum stöðum og það gerist að pólskumælandi fólk vinnur á skrifstofum“. Á sama tíma var bent á að ýmsar sértækar upplýsingar væru ekki aðgengilegar og einhverjir viðmælendur ítrekuðu að til sé „mikið af upplýsingum sem auðvelt er að fá, en þú verður að spyrja réttar spurningar“, svo vísað sé í orð eins þeirra. Með öðrum orðum vantar að leiðbeina fólki hvar það á að leita og að hverju; eða leiða það í gegnum kerfið. Aðrir tóku í sama streng:

Ég held að við, sem höfum búið hér lengi, höfum einhvern veginn skipulagt líf okkar hér og við vitum hvað við eigum að leita að. Ég held að fólk sem er nýkomið hingað geti átt í vandræðum með aðlögun eða að fá vinnu.

Orð viðmælenda sem vísað er í benda til að ýmislegt skorti til þess að fólk af erlendum uppruna náði að fóta sig í kerfinu og þar með koma sér fyrir í samfélaginu. Þannig vanti m.a. upp á aðgengi og gagnsæi upplýsinga um réttindi fólks: „Ef þú veist ekki hvað húsaleigubætur eru, þá spyrðu ekki. Sama er með verkalyðsfélögin. Enginn mun segja þér það, en ef þú þekkir rétt þinn munu þeir hjálpa þér“. Einhverjir þátttakenda höfðu lent í vandræðum á vinnumarkaði vegna vangoldinna launa og höfðu reynt af því að leita til stéttarféлага. Vanþekking og úrræðaleysi við að leita réttar síns stendur ekki einungis í vegi fyrir „aðlögun“ aðfluttra í samfélögum heldur getur haft þau áhrif að viðkomandi eingangrist og upplífi sig ekki sem hluta samfélagsins.

Fordómar

Aðspurð sögðust pólskir viðmælendur ekki hafa orðið fyrir miklum fordómum sjálfir en þekktu til annarra sem höfðu reynt það á eigin skinni, sér í lagi fólk af asískum uppruna. Einn þátttakenda benti á að Pólverjar byggju að ákveðnu „öryggi“ sem fælist í „hvítu“ litarhafti þeirra sem gerði það að verkum að þeir féllu inn í alhvítt, íslenskt samfélag. Annar tengdi öryggistilfinninguna við fjölda Pólverja á Suðurnesjum sem endurspeglast meðal annars í því að hann „heyrði pólsku“ alls staðar sem styrkti stöðu hans í samfélaginu á meðan fólk af asískum uppruna sker sig úr hvað litarhaft, tungumál og fjölda fólks af sameiginlegum uppruna varðar. Þátttakendur pólska rýnihópsins undirstrikuðu þörfina fyrir samtali fólks af ólíkum uppruna, sem grundvallarforsendu þess að koma í veg fyrir fordóma og jaðarsetningu fólks af erlendum uppruna, þjappa íbúum saman og gæða samfélagið samheldni.

NIÐURLAG / HAGNÝTAR ÁBENDINGAR

Rannsóknin fólst í því að afla gagna um samfélagið á Suðurnesjum til þess að greina viðhorf íbúa til svæðisins og þeirra nærumhverfis, þjónustu á svæðinu, líðan þeirra og stöðu. Markmiðið með þessari vinnu var að leita svara við því hvar þyrfti að leggja áherslu og bæta þjónustu til þess að stuðla að auknum lífgæðum íbúa Suðurnesja. Hér verða settar fram hagnýtar ábendingar sem byggja á helstu niðurstöðum.

Viðhorf íbúa til svæðisins og nærþjónustu

Þátttakendur lýstu mikilli ánægju með að búa á Suðurnesjum og var umhverfið oft nefnt í því sambandi. Nýleg uppbygging innviða, svo sem göngu- og hjólastíga, var talin til mikilla bóta fyrir svæðið í heild sinni en kallað var eftir aðstöðu til fjölbreyttari afþreyingar, sérstaklega með tilliti til samveru fjölskyldunnar. Í ljósi þessara niðurstaðna mætti huga betur að því að auka við valkosti íbúa, sér í lagi barnafjölskyldna, en kallað var eftir fjölnota íþrótt- og tómstundahúsi þar sem hægt væri að halda menningarviðburði, ásamt því að hægt væri að leggja stund á fjölbreyttar íþróttir og auka við tómstundastarf barna.

Ímynd svæðisins var þátttakendum hugleikin. Talin var þörf á samstilltu átaki til að bæta ímynd svæðisins og var það talin forsenda þess að fjölbreyttara atvinnulíf þrífist á svæðinu. Þá var kallað eftir því að íbúar og fulltrúar sveitarstjórna væru samstíga í því að leita lausna og til dæmis kom fram hugmynd um að veita ódýrari lóðir undir atvinnustarfsemi. Slíkt gæti jafnframt ýtt undir aukna fjölbreytni í verslun og þjónustu. Sú sérþekking og menntun sem starfsfólk kæmi með í kjölfarið gæti orðið til þess að bæta ímynd Suðurnesja og auka fjölbreytileika mannlífsins á svæðinu.

Hvað opinbera þjónustu varðar þá var almenn ánægja með þjónustu sveitarfélaganna, sér í lagi þjónustu leik- og grunnskóla. Þó voru ábendingar um að skortur væri á dagvistunarúrræðum fyrir ung börn. Rannsóknir sýna að þegar kemur að því að brúa bilið á milli fæðingarorlofs og leikskóla, kemur það oftast í hlut mæðra en feðra (Arnalds, Duvander, Eydal og Gíslason, 2019). Ef jafna á stöðu mæðra og feðra á vinnumarkaði er mikilvægt að í boði séu dagvistunarúrræði fyrir ung börn.

Þegar sjónum er beint að þjónustu hins opinbera er ljóst að bæta þarf heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum til muna. Niðurstöður könnunarinnar sýndu að stór hluti fólks sótti heilbrigðisþjónustu utan Suðurnesja. Vera má að óánægja með heilbrigðiþjónustu á Suðurnesjum eigi þátt í því að fólk sækir þessa þjónustu annað, enda var í rýnihópnum mikið rætt um að efla þyrfti heilbrigðisþjónustu og var HSS títt nefnd í því sambandi.

Viðhorf til innflytjenda og fjölmeningarsamfélagsins

Í samanburði við landið í heild töldu hlutfallslega fleiri íbúar Suðurnesja að of margir innflytjendur hefðu komið til landsins á undangengnum árum. Þá voru hlutfallslega fleiri Suðurnesjabúar sammála fullyrðingunni um að innflytjendur ógni íslensku samfélagi en á landinu í heild. Greining á niðurstöðum könnunarinnar sýnir að fólk hefur jákvæðari viðhorf til innflytjenda ef það þekkir fyrstu eða annarrar kynslóðar innflytjendur. Aukin tengsl á milli íbúa, þvert á uppruna, kynni að hafa í för með sér jákvæðari viðhorf og kallað var eftir því í rýnihópum að sveitarstjórnir beittu sér fyrir því að koma á fót einhvers konar vettvangi þar sem innfæddir og aðfluttir Suðurnesjabúar gætu átt samtal og samskipti sín á milli. Í rýnihópi meðal Pólverja kom fram að frumkvæði að auknum samskiptum þyrfti að koma frá heimamönnum þar sem tungumálaerfiðleikar og óframfærni fólks af erlendum uppruna gæti gert þeim erfitt að taka fyrstu skref í átt að aukinni samlögun. Vettvangur sem felur í sér samtalsgrundvöll gæti jafnframt dregið úr fordómum í garð fólks af erlendum uppruna en hluti innflytjenda í könnuninni hafði orðið var við fordóma og/eða áreitni vegna uppruna síns.

Félagsleg virkni og vellíðan

Samanburður leiddi í ljós að íbúar á Suðurnesjum sóttu sjaldnar söfn, listasýningar, leik-sýningar og leikhús en svarendur af landinu í heild. Þá sýna niðurstöður að tiltölulega lítill hluti Suðurnesjabúa tekur þátt í skipulegu félags- eða sjálfboðaliðastarfi. Jafnframt voru könnuð tengsl á milli virkni íbúa og vellíðunar og sýna niðurstöður að því oftast sem fólk sækir menningarviðburði og tekur þátt í félags-, íþrótt- eða tómstundastarfi, því betur líður því að jafnaði. Þó að ekki sé hægt að fullyrða um orsakasamband milli virkni og vellíðunar, þá benda niðurstöður til að mikilvægt sé að huga að félagslegri virkni íbúa. Í allri stefnumótun sem snýr að félagslegri þátttöku íbúa er mikilvægt að huga að mismunandi félags- og efnahagslegri stöðu íbúa, sem og uppruna, þar sem niðurstöður sýna að munur var á félagslegri virkni eftir bakgrunni íbúa á Suðurnesjum. Konur voru almennt virkari félagslega en karlar og íslenskir ríkisborgarar voru jafnframt virkari í menningarsókn og þátttöku í íþrótt-, félags- og tómstundastarfi en erlendir ríkisborgarar.

Þegar kemur félagslegri þátttöku og líðan barna, benda kannanir sem gerðar hafa verið á Suðurnesjum til þess að börn í efri bekkjum grunnskóla á svæðinu sé ólíklegri en jafnaldrar þeirra á landinu öllu til að líða vel í skólanum. Þá sýna niðurstöður að þátttaka í skipulögðu félagsstarfi meðal nemanda á Suðurnesjum sé minni en á landinu í heild. Ennfremur leiddi rannsóknin í ljós að innan við helmingur foreldra hafði nýtt frístunda- eða hvatastyrk sem er í boði til að greiða niður frístundastarf barna sinna. Greina þarf betur hvaða ástæður liggja þar að baki og hvernig auka megi áhuga bæði barna og foreldra þeirra á skipulögðu félags- og frístundastarfi.

HEIMILDIR

- Arnalds, Á. A., Duvander, A. Z., Eydal, G. B. og Gíslason, I. V. (2019). „Constructing parenthood in times of crisis“, *Journal of Family Studies*, 27(3), 420-435. doi: 10.1080/13229400.2019.164622
- Aurini, J.D., Health, M. Og Howells, S. (2016). *The how to of qualitative research*. London: Sage Publications.
- Sigríður Elín Þórðardóttir. (2018). *Þjónustukönnun – Suðurnes*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun
- Creswell, J. W (2012). *Educational Research: Planning, Conducting, Evaluating Quantitative and Qualitative Research* (4. útg.). Boston: Pearson Education.
- Gallup. (2019a). *Þjónusta sveitarfélaga 2019 – Reykjanesbær*. Reykjavík: Gallup
- Gallup. (2019b). *Þjónusta sveitarfélaga 2019 – Suðurnesjabær*. Reykjavík: Gallup
- Hagstofa Íslands. (2021). *Talnaefni - Mannfjöldi*. Sótt af: www.hagstofa.is
- Helgi Guðmundsson. (2021). *Hagir og líðan eldri borgara*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun HÍ.
- Lýðheilsuvisar (2020). *Suðurnes*. Sótt af: www.lydheilsuvisar_2020_sudurnes.pdf
- Maskína. (2018). *Þjónustuhópur aldraðra á Suðurnesjum: Heilsufar og félagsleg velferð eldri borgara*. Reykjavík: Maskína.
- Rósbjörg Jónsdóttir, Gunnar Haraldsson og Haraldur J. Hannesson (ritstj.) (2020). *Framfararvogin – Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg*. Reykjavík: SPI á Íslandi
- Rannsóknir og greining (2020). *Sérúrvinnsla á gögnum fyrir Suðurnes um ungt fólk í 8., 9. og 10. bekk*.
- Skólavogin (2021). *Sérúrvinnsla á gögnum fyrir Suðurnes*.
- Vífill Karlsson og Helga María Pétursdóttir (2020). *Íbúakönnun landshlutanna 2020: Staða og mikilvægi og búsetuskilyrði. Deigla, rit atvinnuþróunarfélaganna, Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna, 1(janúar)*.
-